

Kosningahandbók

– kosningar til sveitarstjórnar í sameinuðu
sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps,
Djúpavogshrepps, Fljótshálsa og
Seyðisfjarðarkaupstaðar 19. september 2020

Fyrir kjörstjórnir, kjörstjóra og aðra
er starfa við framkvæmd kosninga



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Kosningahandbók

– kosningar til sveitarstjórnar í sameinuðu
sveitarfélagi Borgarfjarðarhrepps,
Djúpavogshrepps, Fljótshálsa-
og Seyðisfjarðarkaupstaðar
19. september 2020

Fyrir kjörstjórnir, kjörstjóra og aðra
er starfa við framkvæmd kosninga

Kosningahandbók – kosning til sveitarstjórnar 19. september 2020

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið

Handbókin er tekin saman af Skúla Guðmundssyni, lögfræðingi

ISBN 978-9935-496-05-8

Prentun: Svansprent ehf.

Tilvísanir í auglýsingar, leiðbeiningar, samþykktir og leiðréttar auglýsingar nr. 302/2020 miðast við útgáfudaga í B deild Stjórnartíðinda til og með 11. ágúst 2020.



Efnisyfirlit

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944	5
Lög um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998	23
Skrá um nokkur atriðisorð í lögum um kosningar til sveitarstjórna XII. – XV. kaflar og ákvæði til bráðabirgða VIII	58
í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011	67
Lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000	77
Skrá um nokkur atriðisorð í lögum um kosningar til Alþingis	128
Leiðbeiningar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl., nr. 820/2017	137

Sjá enn fremur kosningavef dómsmálaráðuneytisins,
www.kosning.is
(www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar)

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Nr. 33 17. júní 1944

Tók gildi 17. júní 1944. Breytt með l. 51/1959 (tóku gildi 20. ágúst 1959), l. 9/1968 (tóku gildi 24. apríl 1968), l. 65/1984 (tóku gildi 13. júní 1984), l. 56/1991 (tóku gildi 31. maí 1991), l. 97/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 100/1995 (tóku gildi 5. júlí 1995), l. 77/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999) og l. 91/2013 (tóku gildi 18. júlí 2013).

I.

1. gr.

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II.

3. gr.

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningarbærra manna og mest 3000. Sá, sem flest fær atkvæði, ef

fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta, og má þar ákveða, að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum í hlutfalli við kjósendatölu þar.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að 4 árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta lýðveldisins laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti ...¹⁾ Alþingis og forseti hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti ...¹⁾ Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.

¹⁾ L. 56/1991, 1. gr.

9. gr.

Forseti lýðveldisins má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.

Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi ³/₄ hluta þingmanna ...¹⁾ Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

¹⁾ L. 56/1991, 2. gr.

12. gr.

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

13. gr.

Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.

Ráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík.

14. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherra-ábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

15. gr.

Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

16. gr.

Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

17. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Fundunum stjórnar sá ráðherra, er forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis, og nefnist hann forsætisráðherra.

18. gr.

Sá ráðherra, sem mál hefur undirritað, ber það að jafnaði upp fyrir forseta.

19. gr.

Undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.

20. gr.

Forseti lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla.

Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Embættismaður hver skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Forseti getur vikið þeim frá embætti, er hann hefur veitt það.

Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmaeltum eftirlaunum eða lögmaeltum ellistyrk.

Með lögum má undanskilja ákveðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru í 61. gr.

21. gr.

Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

22. gr.

[Forseti lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 3. gr.

23. gr.

Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.

[Hafi Alþingi verið frestað getur forseti lýðveldisins eigi að síður kvatt Alþingi saman til funda ef nauðsyn ber til. Forseta er það og skylt ef ósk berst um það frá meiri hluta alþingismanna.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 4. gr.

24. gr.

Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, [áður en 45 dagar eru liðnir frá því er gert var kunnugt um þingrofið],¹⁾ enda komi Alþingi saman eigi síðar en [tíu vikum]¹⁾ eftir, að það var rofið. [Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 5. gr.

25. gr.

Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykktar.

26. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

27. gr.

Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

28. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög [er Alþingi er ekki að störfum].¹⁾ Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð [fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný].¹⁾

[Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.]¹⁾

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

¹⁾ L. 56/1991, 6. gr.

29. gr.

Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

30. gr.

Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

III.

31. gr.

[Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Kjördæmi skulu vera fæst sex en flest sjö. Mörk þeirra skulu ákveðin í lögum, en þó er heimilt að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni.

Í hverju kjördæmi skulu vera minnst sex kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.

Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmalasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmalasamtök koma þó ein til álitu við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skal landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Setja skal nánari fyrirmæli um þetta í lög.

Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi.¹⁾

¹⁾ L. 77/1999, 1. gr.

32. gr.

[Alþingi starfar í einni málstofu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 7. gr.

33. gr.

[Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.]¹⁾

¹⁾ L. 65/1984, 2. gr.

34. gr.

[Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.]¹⁾

[Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir.]²⁾

¹⁾ L. 65/1984, 3. gr.

²⁾ L. 56/1991, 8. gr.

IV.

35. gr.

[Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið.

Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 9. gr.

36. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

37. gr.

Samkomustaður Alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástætt, getur forseti lýðveldisins skipað fyrir um, að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

38. gr.

[Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 10. gr.

39. gr.

[Alþingi]¹⁾ getur skipað nefndir [alþingismanna]¹⁾ til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. [Alþingi]¹⁾ getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

¹⁾ L. 56/1991, 11. gr.

40. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

41. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

42. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.

...¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 12. gr.

43. gr.

[Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 100/1995, 1. gr., sbr. 2. gr. s.l.

44. gr.

[Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrir en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 14. gr.

45. gr.

[Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 15. gr.

46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

47. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna ...¹⁾ drengskaparheit að stjórnar-skránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

¹⁾ L. 56/1991, 16. gr.

48. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

...¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 17. gr.

49. gr.

[Meðan Alþingi er að störfum má ekki setja neinn alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða mál á móti honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 18. gr.

50. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

51. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

52. gr.

[Alþingi kýs sér forseta og stýrir hann störfum þess.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 19. gr.

53. gr.

[Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 20. gr.

54. gr.

[Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 21. gr.

55. gr.

[Eigi má Alþingi taka við neinu málefni nema einhver þingmannanna eða ráðherra flytji það.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 22. gr.

56. gr.

[Pyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál getur það vísað því til ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 23. gr.

57. gr.

Fundir ...¹⁾ Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

¹⁾ L. 56/1991, 24. gr.

58. gr.

[Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 25. gr.

V.

59. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. [Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en hæstaréttardómarar skulu eigi missa neins í af launum sínum.]¹⁾

¹⁾ L. 56/1991, 26. gr.

VI.

62. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

63. gr.

[Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 1. gr.

64. gr.

[Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 2. gr.

VII.

65. gr.

[Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættneris og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 3. gr.

66. gr.

[Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Útlendingi verður aðeins veittur íslenskur ríkisborgararéttur samkvæmt lögum.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku.

Allir, sem dveljast löglega í landinu, skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 4. gr.

67. gr.

[Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem þyngri refsing liggur við en fésekt eða varðhald. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en

nauðsyn krefur, en telji dómari fært að láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver hún eigi að vera.

Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelssvipting ólögmat skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 5. gr.

68. gr.

[Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 6. gr.

69. gr.

[Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað.

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 7. gr.

70. gr.

[Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 8. gr.

71. gr.

[Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 9. gr.

72. gr.

[Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 10. gr.

73. gr.

[Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 11. gr.

74. gr.

[Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó

um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir þeim nafni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 12. gr.

75. gr.

[Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 13. gr.

76. gr.

[Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 14. gr.

77. gr.

[Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 15. gr.

78. gr.

[Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.]¹⁾

¹⁾ L. 97/1995, 16. gr.

79. gr.

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki ...¹⁾ skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki [Alþingi]¹⁾ ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlæg.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

¹⁾ L. 56/1991, 27. gr.

80. gr.

...

81. gr.

Stjórnarskipunarlæg þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.¹⁾

¹⁾ *Sbr. þingsályktun um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 16. júní 1944, og yfirlýsingu forseta sameinaðs Alþingis um gildistöku stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944. Sbr. og þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918, nr. 32 16. júní 1944.*

Ákvæði um stundarsakir.

Er stjórnarskrá þessi hefur öðlast gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlast hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnarskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlast samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafist, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim.

[Prátt fyrir ákvæði 6. mgr. 31. gr. nægir samþykki einfalds meiri hluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.]¹⁾

[Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 79. gr. er heimilt, fram til 30. apríl 2017, að breyta stjórnarskránni með eftirfarandi hætti: Samþykki Alþingi frumvarp til laga um breytingu á stjórnarskrá með minnst ²/₃ hlutum greiddra atkvæða skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi sex mánuðum og í síðasta lagi níu mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Til þess að frumvarpið teljist samþykkt þarf það að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í þjóðratkvæðagreiðslunni, þó minnst atkvæði 40 af hundræði allra kosningarbærra manna, og skal það staðfest af forseta lýðveldisins og telst þá gild stjórnarskipunarlög. Í heiti frumvarps til stjórnarskipunarlaga á þessum grundvelli skal koma fram tilvísun til ákvæðis þessa.

Um þjóðratkvæðagreiðsluna fer samkvæmt lögum.]²⁾

¹⁾ L. 77/1999, 2. gr.

²⁾ L. 91/2013, 1. gr.

Lög um kosningar til sveitarstjórna

Nr. 5 6. mars 1998

Tóku gildi 13. mars 1998, sjá þó 106. gr. Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 27/2002 (tóku gildi 8. apríl 2002), l. 50/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 138/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 111/2012 (tóku gildi 18. okt. 2012) og l. 117/2012 (tóku gildi 30. nóv. 2012). L. 70/2018 (tóku gildi 1. sept. 2018). L. 80/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019 nema 3. mgr. 2. gr. og 7. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2020 og brbákv. I sem tók gildi 28. júní 2018). L. 141/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019).

I. KAFLI.

Kjördagur.

1. gr.

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.

[Ráðuneytið]¹⁾ skal auglýsa hvenær almennar reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram.

Kjörtímabil sveitarstjórna er fjögur ár.

¹⁾L. 126/2011, 257. gr.

II. KAFLI.

Kosningarréttur og kjörgengi.

2. gr.

Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.

Nú eiga ákvæði [9.–11. gr. laga um lögheimili og aðsetur]¹⁾ við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa glatað kosningarrétti þótt hann hafi

tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag [og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag], ²⁾ enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

¹⁾L. 80/2018, 20. gr.

²⁾L. 27/2002, 1. gr.

3. gr.

[Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr., hefur ekki verið sviptur lögræði og [afplánar ekki óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir refsivert brot]. ¹⁾

... ¹⁾ ²⁾

¹⁾L. 141/2018, 3. gr.

²⁾L. 138/2011, 134. gr.

III. KAFLI.

Kjörskrár.

4. gr.

Sveitarstjórnir gera kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem [Þjóðskrá Íslands] ¹⁾ lætur þeim í té. [Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga við gerð kjörskrárstofna að fullnægðum heimildum laga sem um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda hverju sinni.] ²⁾

¹⁾L. 77/2010, 5. gr.

²⁾L. 70/2018, 9. gr.

5. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 2. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt fbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

6. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

¹⁾L. 77/2010, 5. gr.

7. gr.

[Pegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi sveitarstjórnar og undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.]¹⁾

¹⁾L. 138/2011, 134. gr.

8. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ skal eigi síðar en 12 dögum fyrir kjördag birta í útvarpi og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. [Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.]²⁾

¹⁾L. 162/2010, 150. gr.

²⁾L. 138/2011, 134. gr.

9. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

10. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ fyrir þann tíma er greinir í 5. gr.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ...²⁾ ríkisfang.

¹⁾L. 77/2010, 5. gr.

²⁾L. 27/2002, 3. gr.

11. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 10. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá.

12. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnshjótt og hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

IV. KAFLI.

Kjördeildir.

13. gr.

Hvert sveitarfélag er ein kjördeild, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

V. KAFLI.

Kjörstjórnir og undirbúningur kosninga.

14. gr.

Yfirkjörstjórn skal kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Í sveitarfélagi sem skipt er í kjördeildir skal kjósa undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa hverfiskjörstjórn til að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórnir síðar en kveðið er á um í 1. mgr.

Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn sem allir skulu eiga kosningarrétt í sveitarfélaginu. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. [Nú fær framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.]¹⁾

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur ákveðið að sama kjörstjórn stýri kosningum til sveitarstjórnar og kosningum til Alþingis.

[Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.]²⁾

¹⁾L. 117/2012, 4. gr.

²⁾L. 27/2002, 4. gr.

15. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Yfirkjörstjórnir bóka viðtöku framboða, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningarathöfnina.

Sveitarstjórnir skulu láta yfirkjörstjórnnum í té gerðabækur. Yfirkjörstjórnir láta undirkjörstjórnnum og hverfiskjörstjórnnum í té gerðabækur, nema þeim kjörstjórnnum séu lögð til sérstök eyðublöð er komi í stað gerðabókar.

16. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til sveitarstjórnar í bundnum hlutfallskosningum.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar.

17. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnnum í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

VI. KAFLI.

Framboð og umboðsmenn.

18. gr.

Peim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Peim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn fyrir lok framboðsfrests að hann skorist undan endurkjöri.

19. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem geta verið með tvennu móti:

- a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.

- b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

20. gr.

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.

21. gr.

Þegar sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi þann dag þegar þrjár vikur eru til kjördags.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir í kjöri eru.

22. gr.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi sveitarfélagi. [Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili.]¹⁾ Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. [Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.]¹⁾

Lágmarksfjöldi meðmælanda skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

- a. í sveitarfélagi með [101–500] ¹⁾ íbúa 10 meðmælendur,
- b. í sveitarfélagi með 501–2.000 íbúa 20 meðmælendur,
- c. í sveitarfélagi með 2.001–10.000 íbúa 40 meðmælendur,
- d. í sveitarfélagi með 10.001–50.000 íbúa 80 meðmælendur,
- e. í sveitarfélagi með 50.001 og fleiri íbúa 160 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælanda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

[Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.¹⁾

[Þjóðskrá Íslands er heimilt, að beiðni yfirkjörstjórnar, að samkeyra meðmælendalista framboðsaðila við þjóðskrá að fullnægðum heimildum laga sem um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda hverju sinni.]²⁾

¹⁾L. 27/2002, 5. gr.

²⁾L. 70/2018, 9. gr.

23. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamlu umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórnir setja.

24. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

25. gr.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurð sveitarstjórnar má kæra á sama hátt sem fyrir er mælt í 93. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

26. gr.

Á framboðslista í sveitarfélagi skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda og kjósa á sem aðalmenn í sveitarstjórn í hvert skipti, en aldrei fleiri en tvöföld sú tala. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Við hinar sömu sveitarstjórnarkosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

27. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

[Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 6. gr.

28. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem úrskurðaður er ógildur.

29. gr.

Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður framkominn framboðslisti sjálfkjörinn.

30. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

31. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð sinn á framboðslista merkir hún lista framboðanna með hliðsjón af skrá [ráðuneytisins]¹⁾ um listabókstafi stjórnmálasamtaka sem buðu fram lista við síðustu alþingiskosningar.²⁾

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflökum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

¹⁾L. 162/2010, 150. gr.

²⁾Auðl. 217/2018.

32. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð.

Nú fer óbundin kosning fram, framboðsfrestur framlengist samkvæmt ákvæðum 29. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 18. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

33. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 30. gr. skal hlutadeigandi yfirkjörstjórn birta listann þannig breyttan með auglýsingu sem birt er á sama hátt og á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

VII. KAFLI.

Kjörgögn.

34. gr.

Um kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, gerð þeirra og meðferð fer eftir lögum um kosningar til Alþingis.

35. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

36. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, [a.m.k. 125 g/m² að þyngd].¹⁾ Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar sveitarstjórnarkosningar.

¹⁾L. 27/2002, 7. gr.

37. gr.

Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

Þar sem bundnar hlutfallskosningar fara fram skal prenta framboðslistana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórn málasamtök eða annað framboð hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: Listi ... (nafn stjórn málasamtakanna eða annars framboðs).

38. gr.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

39. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en nauðsynlegt er að mati yfirkjörstjórnar og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

40. gr.

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórn síðan afhenda með öruggum hætti hverri undirkjörstjórn jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu afhentir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

41. gr.

Sömu atkvæðakassar skulu að jafnaði notaðir og við alþingiskosningar. Sýslumenn eða fulltrúar þeirra varðveita atkvæðakassana milli kosninga og sjá um að þeir séu til taks í tæka tíð þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassar allir vera af sömu gerð, eigi minni en 31,5 sm að lengd, 21 sm að breidd og 15,7 sm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa er sé 15,7 sm löng að minnsta kosti og 6,5 mm víð að ofan en víðari að neðan.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í sveitarfélaginu.

42. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ lætur hverri yfirkjörstjórn í té sérprentun af lögum þessum ásamt skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir. Yfirkjörstjórn skal sjá til þess að undirkjörstjórnir fái slíka sérprentun.

Formenn yfir- og undirkjörstjórna geyma eintök þessi og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

¹⁾L. 162/2010, 150. gr.

VIII. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

43. gr.

Kjósandi hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags.

Nú hefur kjördagur verið ákveðinn með skemmri fyrirvara en átta vikum og á kjósandi þá rétt á að greiða atkvæði frá og með næsta virka degi eftir að kjördagur hefur verið ákveðinn.

Pegar kosning er óbundin ritar kjósandi, er greiðir atkvæði utan kjörfundar, á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra aðal- og varamanna er hann kýs. Tilgreina skal varamenn í þeirri röð sem kjósandi kýs að þeir taki sæti.

Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar fer að öðru leyti eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

IX. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

44. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveður sveitarstjórn.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

45. gr.

Pegar kosning fer fram skal svo búið um kjörklefa að utan frá verði hvorki í þá gengið né séð.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

46. gr.

[Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í sveitarfélaginu, þegar um bundna hlutfallskosningu er að ræða, þar sem fram koma heiti stjórnálagamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er [ráðuneytið]¹⁾ gefur út í því skyni.]²⁾

[Ráðuneytið]¹⁾ sendir yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þessara en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnnum.

¹⁾L. 162/2010, 150. gr.

²⁾L. 27/2002, 8. gr.

47. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis en yfirkjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með þeim fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

48. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan [nema varamaður sé tiltækur].¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 9. gr.

49. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram böggul með kjörseðlum. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal fjöldi seðlanna skráður í gerðabók kjörstjórnar og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

50. gr.

[Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæðið til greina, sbr. 68. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal tölusetja í áframbaldandi röð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild, ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Í sveitarfélagi, þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 10. gr.

51. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild og gerir athugasemd um það við nöfn hlutadeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

52. gr.

[Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnanna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 11. gr.

53. gr.

[Áður en atkvæðagreiðsla hefst]¹⁾ skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

¹⁾L. 27/2002, 12. gr.

54. gr.

[Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 13. gr.

55. gr.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.

56. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama sveitarfélags og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í gerðabók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar gerðabók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað, enda sé einnig getið um það í gerðabókinni og nafn og heimili kjósenda tilgreint. Vottorð er einnig gilt sé það undirritað af oddvita eða framkvæmdastjóra sveitarstjórnar fyrir hennar hönd. Tilkynna ber undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag hvaða kjósendum í kjördeildinni sveitarstjórn hafi gefið vottorð.

57. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann [þar sem kjósandinn má einn vera]¹⁾ og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindralettri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

¹⁾L. 27/2002, 14. gr.

58. gr.

Kjósendi greiðir atkvæði við bundnar hlutfallskosningar á þann hátt að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs stríkar hann yfir nafn hans.

59. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins sem ætlaður er fyrir kjör varamanna skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

60. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

61. gr.

Kjósandi má ekki haggja neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki stríka yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

62. gr.

[Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 15. gr.

63. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf

skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í gerðabókina, að tilgreindum ástæðum. [Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill verja atkvæði sínu.]¹⁾ Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

[Ef svo háttar um hagi kjósanda er greinir í 1. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði í kjörklefanum skal hlé gert á kjörfundi þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera í kjörfundarstofu, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósandans skal víkja úr kjörfundarstofunni. Kjörstjórn eða hverfiskjörstjórn þar sem kjördeildir eru fleiri en ein skal strax taka beiðni kjósanda til úrskurðar. Hverfiskjörstjórn er heimilt að úrskurða um ósk kjósandans með honum utan kjörfundarstofu svo kjörfundur geti haldið áfram með öðrum kjósendum. Kjörstjórn skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn þennan vilja sinn skal kjörstjórn heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Ákvörðun kjörstjórnar skal bókuð í kjörbókina með tilgreindum ástæðum. Ákvörðun kjörstjórnar er endanleg. Heimili kjörstjórn fulltrúa að aðstoða kjósandann í kjörklefanum skal kjörfundi haldið áfram. Fulltrúi kjósanda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósanda fer á milli í kjörklefanum. Í því skyni staðfestir hann heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi er fulltrúa kjósandans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

Við atkvæðagreiðsluna eiga ákvæði 55. gr., 57.–62. gr. og 64. gr. við um fulltrúa kjóсандans.]²⁾

¹⁾L. 27/2002, 16. gr.

²⁾L. 111/2012, 4. gr.

64. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósenda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann vîkur hann út úr kjörfundarstofunni.

65. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar ...,¹⁾ getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

¹⁾L. 27/2002, 17. gr.

66. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrir en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrir en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

67. gr.

[Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórn á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 68. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 50. gr.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 18. gr.

68. gr.

[Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði ef:

- a. sendandinn er ekki á kjörskrá,
- b. sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
- c. sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 51. gr.,
- d. sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- e. í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
- f. sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er [ráðuneytið] ¹⁾ hefur látið gera,
- g. ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða
- h. atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 57. gr. og 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósenda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.]²⁾

¹⁾L. 162/2010, 150. gr.

²⁾L. 27/2002, 19. gr.

69. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og

skal þá bóka nákvæmlega í gerðabókina í hverju ágreiningurinn er fólgin og skal síðan yfirkjörstjórn úrskurða um gildi þess.

70. gr.

Þau kjörseðilsúmslög sem enginn ágreiningur er um að gild séu lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

71. gr.

[Þegar atkvæðagreiðslu er slitið og gild kjörseðilsúmslög hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá í sérstöku umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 64. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum sem ágreiningur er um, sbr. 69. gr., og í hinu þriðja öllum þeim ónotuðu seðlum sem afgangsu eru. Þegar umslögunum hefur verið lokað skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 67. gr., í umbúðum innsigliuðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigliuðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 20. gr.

72. gr.

[Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samtundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsigliðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 21. gr.

73. gr.

Yfirkjörstjórn kannar hvort tala kjósenda sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjördeildarbókum undirkjörstjórna sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna.

74. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átella við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitnið bókað þegar í stað í gerðabókina.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

X. KAFLI.

Framkvæmd atkvæðatalningar.

75. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin nema kjördeild sé ein og talning fari fram í lok kjörfundar. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar.

Sé kosningu frestað skv. 89. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

76. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórnmalasamtökum eða tengda listunum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

77. gr.

Í viðurvist manna skv. 2. mgr. 76. gr. opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild sveitarfélagsins, nema talning fari fram í lok kjörfundar, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borist bréf með utankjörfundaratkvæði skal fara með það eins og segir í 67. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru ósköduðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu að viðstöddum umboðsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar.

Pegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að oddviti yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórnarmönnum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

78. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

- a. ef kjörseðill er auður,
- b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
- c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,

- d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
- e. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent,
- [f. ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill.] ¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 22. gr.

79. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé ef greinilegt er hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t.d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli fylgi orðið listi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalasamtaka o.s.frv.

Lista telst greitt atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

Við óbundnar kosningar skal ekki meta atkvæði ógilt þótt sleppt sé fornafni eða eftirnafni ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

80. gr.

Utankjörfundaratkvæði greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 33. gr. skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

81. gr.

[Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum. Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá leggja þá seðla í

tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna færir yfirkjörstjórn niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.]¹⁾

¹⁾L. 27/2002, 23. gr.

82. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á auglýstum tíma skv. 75. gr. skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem audið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

83. gr.

Að talningu lokinni skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og varðveita þá. Skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigliðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

Sama gildir um söfnun og varðveislu kjörskráa.

84. gr.

Við lok talningar skal tilkynna úrslit kosninga og skal getið sérstaklega hve margir atkvæðaseðlar eru auðir og hve margir ógildir.

XI. KAFLI.

Kosningaúrslit.

85. gr.

Við bundnar hlutfallskosningar skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur skv. 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

86. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti skv. 2. mgr. hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

87. gr.

Þegar kosning er óbundin eru þeir sem flest atkvæði fá sem aðalmenn réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Varamenn, þar sem kosning er óbundin, skulu vera jafnmargir og aðalmenn. Varamenn eru þeir sem hljóta atkvæðamagn þannig: 1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

88. gr.

Yfirkjörstjórn skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

XII. KAFLI.

Kosningum frestað og uppkosningar.

89. gr.

Nú ferst kosning í kjördeild fyrir á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá yfirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Yfirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður, eins og óveður, hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 71. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráin og þau eftirrit hennar sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með

öðrum kjörgögnum í poka þann sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði IX. kafla laganna, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

90. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 93. gr. þessara laga og skal þá sitjandi sveitarstjórn í samráði við yfirkjörstjórn boða til nýrra kosninga í sveitarfélaginu og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga eftir því sem við getur átt.

91. gr.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfis árs frá þeim fyrri og skal þá kosið samkvæmt fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá.

XIII. KAFLI.

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

92. gr.

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll telst:

- a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að

- torvelða öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
- b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
 - c. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
 - d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í sveitarfélagi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
 - e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,
 - f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið eða á annan hátt.

XIV. KAFLI.

Kosningakærum.

93. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.

Viðkomandi sýslumaður skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæru efnið þegar er honum hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan

viku frá því að hún fékk kærana og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til [ráðuneytisins]¹⁾ og skal tilkynning um kærana komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er kærinni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað um kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

¹⁾L. 126/2011, 257. gr.

94. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

XV. KAFLI.

Nýkjörin sveitarstjórn.

95. gr.

Yfirkjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og jafnmargra varamanna. Yfirkjörstjórn skal ef þörf krefur gefa út kjörbréf til annarra varamanna sem sæti taka í sveitarstjórn og kjörnir hafa verið í bundnum hlutfallskosningum.

Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

96. gr.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag og jafnskjótt lætur fráfarandi sveitarstjórn af störfum.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

97. gr.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

XVI. KAFLI.

Varamenn taka sæti á kjörtímabili.

98. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi tímabundinn brottflutning sveitarstjórnarmanns.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til [ráðuneytisins]¹⁾ og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

¹⁾L. 126/2011, 257. gr.

99. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

XVII. KAFLI.

Kostnaður.

100. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar, þar með talinn kostnaður vegna kjörnefndar skv. 93. gr., greiðist úr sveitarsjóði.

XVIII. KAFLI.

Refsiákvæði.

101. gr.

Sektum varðar, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

102. gr.

Eftirtalið varðar sektum:

- a. ef maður býður sig fram til setu í sveitarstjórn vitandi að hann er ekki kjörgengur,
- b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
- c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
- d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
- e. ef maður njósna um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
- f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
- g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
- h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 92. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
- i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

103. gr.

Eftirtalið varðar sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

- a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósna um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,

- b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri [eða fulltrúi kjósanda], ¹⁾ sem veitir aðstoð, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,
- c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna eða atkvæðakassa tefur fyrir að það komist til skila,
- d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu sveitarstjórnarkosningar,
- f. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
- g. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt,
- [h. ef fulltrúi kjósanda skv. 63. gr. gerist fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu].¹⁾

¹⁾L. III/2012, 5. gr.

104. gr.

Eftirtalið varðar ...¹⁾ fangelsi allt að fjórum árum:

- a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
- b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu með því að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýta þá sjálfur eða láta þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða með öðrum hætti.

¹⁾L. 82/1998, 241. gr.

105. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XIX. KAFLI.

Gildistaka.

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi ...

Skrá um nokkur atriðisorð í lögum um kosningar til sveitarstjórna

(eftir númerum lagagreina í lögnum)

Aðalmaður

- Eftir kosningu 86-87, 95
- Framboðslistar 26
- Kjörseðill 38, 43, 59
- Kjörstjórn 14-15

Aðsetur 2, 14

Aðstoð

- Án aðstoðar 57
- Fulltrúi kjósanda 63, 102-103
- Kjörstjóri (utankjörfundar) 102-103
- Kjörstjórn 63, 102-103

Afplánun (dóms) 3

Afsal (kosningarréttar - atkvæðisréttar í kjördeild) 51, 56, 68

Almannaskráning (Norðurlandasamningur) 2

Almenningur (almenningi) 9, 32, 44

Alþingi

- Listarbókstafir stjórn málasamtaka við síðustu alþingiskosningar 31
- Lög um kosningar til Alþingis 34, 41, 43, 50, 68
- Sama kjörstjórn stýrir kosningum eins og við alþingiskosningar -
ákvörðun sveitarstjórnar 14

Athugasemd 8, 10, 51, 73

Atkvæðakassi (kassi) 41, 50, 62, 64, 70-72, 75, 77, 82, 103

Atkvæði

- Afl atkvæða 24, 81
- Breyta atkvæði 92, 104

- Flokka atkvæði 50, 77
- Glata atkvæði 104
- Greiða atkvæði 43, 49-51, 54-58, 62-63, 65-68, 73, 81, 92, 103
- Meta atkvæði gilt 69-71, 79, 81, 83
- Meta atkvæði ógilt 69, 78, 81, 83
- Ónýtir atkvæðaseðil 64, ónýtir af ásettu ráði 102
- Sending atkvæða 102
- Telja atkvæði 15, 23, 40, 72, 75-77, 81, 85-87, 104
- Atkvæðisréttur (sjá og kosningarréttur) 14, 56, 68
- Atvik (atvikum) 10, 24,
- Auglýsing – auglýsir
 - Ráðuneyti (dómsmálaráðuneyti) 1, 8
 - Sveitarstjórn 9
 - Yfirkjörstjórn 14, 32-33, 44, 47, 75, 89
- Ágreiningur 24, 69-71, 81
- Áheyrnarfulltrúi (yfirkjörstjórn) 14
- Ákvörðun (ákvarðanir)
 - Ákvörðun; framkvæmd þolir enga bið 96
 - Ákvörðun kjörstjórnar 63
 - Ákvörðun sveitarstjórnar (krafa um frestun framkvæmdar) 96
 - Ákvörðun yfirkjörstjórnar 14
 - Ákvörðunarvald sveitarstjórnar (kjörstjórnir óháðar í störfum sínum) 14
- Ár (tímabil) 1-3, 14, 18, 91, 104
- Beiðni
 - Kjósanda 63
 - Yfirkjörstjórnar 22
- Blindraletur (blindir, sjónleysi) 57, 63, 102
- Borgaraleg skylda (kjörstjórn) 17
- Bóka
 - Í gerðabók (-bækur) 15, 49, 56, 63, 69, 74, 81, 83
 - Í kjörbók 50, 63, 67, 71
- Brot
 - Á kjörseðli 62
 - Refsivert 3
- Bundin kosning (hlutfallskosning) 16, 19-20, 37, 46, 58, 85-86, 95

Dagblöð (auglýsing dómsmálaráðuneytis) 8
Dagur (dagar) 8-9, 21, 24, 40, 43, 50, 89, 93, 96
Dómsmálaráðuneyti (sjá ráðuneyti)
Dómstólar 98; fangelsisdómur fyrir refsivert brot 3
Embættismaður 101
Eyðublað 6, 15, 63, 88
Fatlað fólk 63
Forföll (kjörstjórnarmaður) 17, (gild) 75, (gerir sér upp)102
Frambjóðandi 21-23, 26, 30, 32-33, 37, 46, 58, 85-86, 89
Framboð (-listar, -frestur) 14-15, 18-24, 26-33, 37, 46, 94
Framboðsaðili 22
Fresta (kosningum, í kaffaheiti laganna) 75, 89
Fullnaðarúrskurður 83
Fylgibréf (vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar) 50, 68
Fyrirmæli (fyrirmælum laganna, stjórnvalda) 90, 96-97
Fyrirvari
– Með þeim fyrirvara ... 47
– Mæta fyrirvaralaust á fund á kjördag (yfirkjörstjórn) 14
– Nægur (nægum) fyrirvari 14, 44, 75
– Skammur (skemmri) 43
Galli (framboð, framboðslisti, atkvæði, kosning) 24, 79, 94
Gerðabók 15, 49, 56, 63, 69, 74, 81, 83
Glata (atkvæðasending, atkvæði, kosningarréttur) 2, 104
Hagstofa Íslands 88
Heimild 4, 22, 33, 43, 96-97
Heimilisfang (-föng, aðalmanna, varamanna) 38, 43, 59, (t.d. villandi
upplýsingar) 92
Hlutfallskosning (sjá bundin kosning)
Hús
– Húsakynni 92
– Húsrúm 76
Hverfiskjörstjórn 14-15, 63
Innsigli
– Á umbúðum kjörseðla - yfirkjörstjórn 40
– Á atkvæðakassa utan kjörfundar - kjörstjórn 50

- Á kjörgögnum í umbúðum að atkvæðagreiðslu lokinni - oddviti kjörstjórnar og umboðsmenn, ef þeir óska - kjörgögn send yfirkjörstjórn 71
- Á umbúðum með kjörskráreintökum að kosningum loknum - sendar yfirkjörstjórn 72
- Atkvæðasendingar úr hverri kjördeild sveitarfélags opnaðar - innsigli ósködduð - yfirkjörstjórn 77
- Notaðir kjörseðlar varðveittir að talningu lokinni - yfirkjörstjórn 83
- Eyðing innsiglaðra kjörseðla að kærufresti loknum eða uppkveðnum úrskurði ef kosning hefur verið kærð - yfirkjörstjórn 83
- Kosningum frestað, kjörgögn lögð í poka - kjörstjórn 89
- Óinnsiglaður atkvæðakassi - kjörstjórn - umboðsmenn lista - yfirkjörstjórn 72

Jafnskjótt 12, 71, 96

Kennitala (-tölu) 21, 22

Kennivottorð (nafnskírteini, vegabréf, ökuskírteini) 55

Kjósá (kýs eða kýs ekki) 14, 20, 26, 38, 43, 58-61, 63, 85, 87, 102-103

Kjósandi 19, 22, 27, 40, 43, 47, 49-52, 54-68, 73-74, 76, 86, 102-103

Kjörbók 50, 63, 67, 71

Kjördagur 2, 5, 8-10, 14, 21, 40, 43, 50, 56, 66, 68, 89-90, 96

Kjördeild 13-14, 40, 44, 50-51, 56, 63, 67-68, 71, 75, 77, 82, 89

Kjölfundarstofa 46, 49, 54, 63-64, 92

Kjölfundur

- Utan kjördags 34, 43, 50, 65, 68, 92, 102-103

- Á kjördag 35-36, 42, 44, 47, 63, 65-66, 75, 77, 89, 92, 102-103

Kjörgengur (kjörgengi, kaflaheiti laganna) 3, 18, 25, 98, 102

Kjörkassi (sjá atkvæðakassi - orðið kjörkassi er ekki til í kosningalögum)

Kjörklefi 45, 49, 57, 59, 63, 92

Kjörnefnd (viðkomandi sýslumaður skipar - kostnaður kjörnefndar) 93, 100

Kjörseðill (atkvæðaseðill) 15, 35-40, 43, 46, 49, 55, 57-60, 62, 64, 73, 77-78, 81, 83-84, 86, 102, 104

Kjörseðilsumslag (vegna atkvæðagreiðslu utan kjölfundar) 50, 68, 70-71

Kjörskrá 4-12, 40, 50-52, 55-56, 66-68, 72, 83, 89, 91-92

Kjörskráreintak (-eintök) 72

Kjörskrárstofn 4

Kjörstjóri (atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, sjá 43, 103)
 Kjörstjórn (-ir) 11, 14-17, 23, 47-57, 62-64, 66-67, 69-72, 74, 78, 81, 83, 86, 89, 101
 Kjörtímabil 1, 18, 97, 98
 Klukkustund (stund) 66, 75, 89
 – Samstundis 72
 Kosningaáróður (-spjöll) 54, 92
 Kosningaleiðbeiningar 46, 92, 102-103
 Kosningarathöfn 15, 48, 74
 Kosningarréttur (atkvæðisréttur) 2-3, 14, 52, 56, 68
 Kross (á kjörseðli) 57-58, 79
 Kæra (kætur, í kaflaheiti laganna) 25, 83, 93, 97
 Kærufrestur (að loknum) 83, (innan) 93
 Lágmarksfjöldi meðmælenda (lágmarkstala – hámarkstala) 22
 Leiðrétting (á kjörskrá) 10, 11
 Listabókstafur (bókstafur) 32, 37, 46, 57-58, 77-79
 Lögheimili 2, 5, 10, 92
 Lögræði (sviptur) 3
 Meðmælandi (-listi) 4, 22, 27, 30
 Merki (stjórn málasamtaka, lista) 92
 Merki, merkja, merkt, rita, skrifa, strika yfir, tölusetja, (á kjörseðil) 43, 58-59, 60, 77-79
 Merking (á framboðslista, í kjörskrá, gögn) 31, 50, 52, 67, 71
 Nafnskírteini (sjá kennivottorð) 55
 Nákvæmt
 – Nákvæmlega (fara eftir leiðbeiningum Þjóðskrár Íslands) 6, (bóka í gerðabók) 69
 – Nákvæmu (eftirlit umboðsmanna) 81
 – Ónákvæmt (upplýsingar) 92, 102
 Norðurlandasamningur (almannaskráning) 2
 Nýkjörin (sveitarstjórn, í kaflaheiti laganna) 14, 95-97
 Oddviti
 – Oddviti kjörstjórnir 14, 49-50, 52, 56-57, 71, 77
 – Oddviti sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóri hennar 7, 56
 Óbundin kosning 19, 20, 32, 38, 43, 59, 77, 79, 87

Óheimilt

- Að bjóða fram aðstoð - kjörstjórnarmaður 63
- Að breyta kjörskrá vegna lögheimilis 10
- Að gerast fulltrúi fleiri en eins kjósenda 63
- Óskilorðsbundið (fangelsi) 3
- Óviðráðanlegar ástæður (- orsakir) 89
- Persónuvernd (-upplýsingar, vinnsla) 4, 22
- Póstur (setja í póst, starfsmaður) 93, 103
- Ráðuneyti (dómsmála-) 1, 8, 31, 42, 46, 68, 93, 96-98
- Refsing (refsivert, sekt, sektir, sekur) 3, 101-103, 105
- Ríkisborgari (íslenskur eða erlendur) 2
- Ríkisfang (öðlast eða eftir atvikum misst íslenskt) 10
- Ríkissjóður 105
- Röð (nafna-, stafrófs-, töluröð) 17, 31-32, 37-38, 43, 46, 50, 54, 58-59, 61, 85, 86
- Samkeyra (meðmælendalista við þjóðskrá) 22
- Sendiumslag (vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar) 50, 68
- Skilríki - kennivottorð (vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini) 55
- Skrifstofa (sveitarstjórnar, almennur skrifstofutími, kjörskrá til sýnis fyrir kjördag) 9
- Sólarhringur (-hringar) 29-30
- Stjórnmalasamtök (-samtaka) 31, 37, 46, 76, 79, 92
- Sveitarfélag (-félög) 2-3, 5, 13-14, 20, 22, 26, 37, 41, 46, 50, 56, 77, 81, 90, 92, 97
- Sveitarsjóður (-sjóði, kostnaður við sveitarstjórnarkosningar) 100
- Sveitarstjórn 1-4, 7-11, 13-16, 18-20, 25-26, 44, 56, 90, 93, 95-99, 101-102
- Sveitarstjórnarkosningar (almennar - leynilegar - reglulegar) 1-2, 4, 19, 26, 36-37, 93, 100, 103
- Sveitarstjórnarlög (-laga) 98-99
- Sveitarstjórnarmaður 98
- Sýslumaður (sýslumanni) 12, 41, 93
- Sæti (aðalmenn og varamenn í kjörstjórn, á lista, við óbundnar kosningar, í sveitarstjórn)
 - Eiga samfellt sæti 18
 - Eiga sæti 14, 16

- Fyllt í sæti 87
- Fyrsta, annað, hvert, flest, raða í sæti 86
- Halda sæti 47
- Hljóta, hlaut, hlýtur sæti 86-87
- Samanlagt í sæti 86-87
- Taka sæti 17, 43, 47, 59, 87, 95, 99
- Víkja sæti 16

Tilkynning (tilkynna, tilkynnt) 2, 10-11, 18, 21, 23, 46, 56, 82, 84, 93
Tölusetja (tölusett)

- Kjördeildir til aðgreiningar 13
- Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast við atkvæðagreiðslu 50
- Lista (ekki merkt við listabókstaf) telst greitt atkvæði ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett 79

Umboðsmaður (-menn) 23-24, 28, 31, 49, 53, 66-67, 69, 71, 74, 76-77, 81-82, 89

Undirkjörstjórn 14-15, 40, 42, 46, 56, 73, 75, 81

Undirrita (undirrituð, undirritun) 7, 56, 63, 71

Upplýsingar 23, 92, 102

Utankjörfundaratkvæði 50, 67-69, 71, 77, 80

Utankjörfundarkjörstaður 92

Utankjörfundarkjörstjóri 101-103

Úrskurður 14-16, 24-25, 28, 31, 63, 69, 93, 98

Úrslit (úrslitum, í kaflaheiti laganna, rugla úrslit) 15, 23, 81, 84, 85, 93-95, 104

Útvarp (dómsmálaráðuneytið birtir auglýsingu) 8

Valinkunnur maður (valinkunnan) 47, 76, 89

Varamaður

- Eftir kosningu 86-87, 95, 99
- Kjörseðill 38, 43, 59
- Kjörstjórn 14, 17, 47-48

Vegabréf (sjá kennivottorð) 55

Viðstaddur (viðstaddir) 23-24, 47, 71, 76, 81-82

Vika (vikur, innan viku) 5, 21, 30, 43, 89, 93

Vinnsla (persónuupplýsinga) 4, 22

Víkja (sæti, frá - úr) 16, 63, 98

Vottorð 55, 56, 63

Yfirkjörstjórn 14-15, 18, 21-27, 29, 31-33, 35, 39-42, 46-47, 50, 56, 67, 69, 71-73, 75-77, 81-83, 88-90, 93, 95

Yfirlýsing (stuðnings-) 22, (yfirkjörstjórn) 83

Þjóðskrá Íslands (íbúaskrá, þjóðskrá) 4-6, 10, 22

Ökuskírteini (sjá kennivottorð) 55

XII. - XV. kaflar og ákvæði til bráðabirgða VIII í sveitarstjórnarlögum

Nr. 138 28. september 2011

Tóku gildi 1. janúar 2012. Breytt með: L. 159/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 21/2012 (tóku gildi 16. mars 2012). L. 148/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013). L. 28/2013 (tóku gildi 1. júní 2013 og giltu til 31. maí 2018). L. 10/2014 (tóku gildi 4. febr. 2014). L. 53/2018 (tóku gildi 22. júní 2018). L. 73/2018 (tóku gildi 27. júní 2018). L. 32/2019 (tóku gildi 1. júlí 2019). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 72/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019 nema 9. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2021; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB). L. 18/2020 (tóku gildi 19. mars 2020). L. 25/2020 (tóku gildi 1. apríl 2020). L. 29/2020 (tóku gildi 3. apríl 2020).

XII. KAFLI.

Sameining sveitarfélaga.

119. gr.

Sameining sveitarfélaga.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu viðkomandi sveitarfélaga skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað álitinu sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal fara fram atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í öllum viðkomandi sveitarfélögum.

Samstarfsnefndin eða viðkomandi sveitarstjórnir skulu kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, svo sem með kynningarfundum og/eða dreifibréfum. Tillagan skal innan sama frests auglýst opinberlega í Lögbirtingablaði og í fjölmiðlum.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna. Form atkvæðaseðils skal staðfest af ráðuneytinu. Um atkvæðagreiðslur samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt. Ekki er heimilt að hefja talningu atkvæða fyrr en öllum kjörstöðum hefur verið lokað í þeim sveitarfélögum sem taka þátt í atkvæðagreiðslu um sameiningartillögu.

120. gr.

Skilyrði fyrir frjálstri sameiningu.

Sveitarfélag verður ekki sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 119. gr. séu fylgjandi henni en andvígir, sbr. þó 2. mgr.

Sveitarstjórnnum sveitarfélaga þar sem sameiningartillaga hlýtur samþykki meiri hluta kjósenda er heimilt að ákveða sameiningu þeirra sveitarfélaga þótt tillaga samstarfsnefndar hljóti ekki samþykki meiri hluta kjósenda í öllum sveitarfélögum sem að tillögunni stóðu, enda sé um að ræða a.m.k. $\frac{2}{3}$ sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. $\frac{2}{3}$ hlutar íbúa á svæðinu.

121. gr.

Fjárhagslegar ráðstafanir eftir samþykkt sameiningartillögu.

Hafi tillaga um sameiningu hlotið samþykki skv. 119. og 120. gr. er sveitarstjórnnum viðkomandi sveitarfélaga óheimilt að skuldbinda sveitarfélag eða samþykkja greiðslur úr sveitarsjóði sem ekki leiðir af lögum, fjárhagsáætlun eða þegar samþykktum viðauka við hana nema allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki slíka ráðstöfun.

122. gr.

Undirbúningur að stofnun nýs sveitarfélags.

Hafi sameining hlotið samþykki skv. 119. og 120. gr. skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig velja tvo til þrjá fulltrúa eftir samkomulagi til setu í sérstaka stjórn til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags.

Stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags skal semja samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt. Stjórnin getur ákveðið að samþykkt um stjórn og fundarsköp eins af hinum eldri sveitarfélögum muni gilda fyrir nýja sveitarfélagið þar til því hefur verið sett ný samþykkt. Hún skal einnig taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags, taka saman yfirlit yfir allar samþykktir og reglugerðir sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameinuð hafa verið og hefja vinnu við endurskoðun þeirra og samræmingu. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem staðfestir sameininguna að því gefnu að það telji að sameiningin sé svo vel undirbúin að hún geti gengið hnökralaust. Ráðuneytið getur í þessu sambandi leitað umsagna viðkomandi sveitarstjórna um þær tillögur sem stjórn til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags hefur gert.¹⁾

¹⁾*Samþ. 190/2020, 65. gr., sbr. og augl. 302/2020, 3. mgr., augl. 658/2020, 3. mgr. og breyting á samþ. 190/2020, sbr. samþ. 659/2020, 3. gr.*

123. gr.

Sameining yfir mörk kjördæma.

Heimilt er að sameina sveitarfélög yfir mörk kjördæma en slík sameining hefur ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar.

124. gr.

Birting ákvörðunar um sameiningu.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga samkvæmt framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁾ Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafa verið sameinuð, tölu sveitarstjórnamanna og gildistöku sameiningar og kosningum skv. 125. gr. Samhliða skal birt

samþykkt um stjórn og fundarsköp hins nýja sveitarfélags sem öðlast skal gildi um leið og nýtt sveitarfélag tekur til starfa skv. 125. gr.

¹⁾Augl. 115/2020, 1. mgr., sbr. nú augl. 658/2020, 1. mgr.

125. gr.

Gildistaka sameiningar.

Að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags tekur ráðuneytið ákvörðun um það með hvaða hætti sameining öðlast gildi. Verður það annaðhvort með því að kosið er til sveitarstjórnar fyrir hið nýja sveitarfélag eða með því að sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils.

Ef kosið skal til nýrrar sveitarstjórnar ákveður ráðuneytið að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags hvaða dag kosningar til hins sameinaða sveitarfélags fara fram.¹⁾ ²⁾ ³⁾ Um kosningar til nýrrar sveitarstjórnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins nýja sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag. Á sama tíma tekur sameining gildi.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara og laga um kosningar til sveitarstjórna um skipti á sveitarstjórnunum.

Ef sveitarstjórn eins hinna sameinuðu sveitarfélaga tekur yfir stjórn þess nýja til loka kjörtímabils tekur sameining gildi á þeim degi sem ráðuneytið ákveður. Sama dag fellur umboð annarra sveitarstjórna hinna sameinuðu sveitarfélaga úr gildi.

¹⁾Augl. 115/2020, 2. mgr.

²⁾Afturköllun ákvörðunar augl. 115/2020, með augl. 302/2020, 1. og 2. mgr., sbr. brbákv. VIII í l. 138/2011, sbr. l. 29/2020, 1. gr. (í augl. 302/2020, 1. mgr. var brbákv. VII leiðrétt í brbákv. VIII í Stjórnartíðindum 11. ágúst 2020).

³⁾Augl. 658/2020, 2. mgr.

126. gr.

Endurskoðun reglugerða og samþykkt.

Sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags skal svo fljótt sem við verður komið taka til umræðu og setja nýjar samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár fyrir hið nýja sveitarfélag. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða

að tilteknar reglur eða samþykktir sem gilt hafa í einu af viðkomandi sveitarfélögum skuli gilda fyrir hið nýja sveitarfélag í heild á meðan unnið er að setningu nýrra reglna. Um slíka ákvörðunartöku gilda sömu reglur og um setningu nýrra reglna í viðkomandi málaflokki, þar á meðal kröfur um tvær umræður eða staðfestingu ráðherra ef við á. Á meðan unnið er að því að setja viðeigandi reglur fyrir hið nýja sveitarfélag skulu eldri reglur gilda í hverju hinna eldri sveitarfélaga, þó ekki lengur en í þrjá mánuði frá gildistöku sameiningar.

Að því leyti sem ákvörðunum, svo sem um skatta, verður ekki breytt innan ársins vegna ákvæða annarra laga er heimilt að hafa mismunandi reglur innan hins nýja sveitarfélags þann tíma sem af ákvæðum viðkomandi laga leiðir.

127. gr.

Fjárhagsleg aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðuneytið getur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sett almennar reglur ¹⁾ um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

¹⁾ Rgl. 295/2003, sbr. rgl. 691/2012.

XIII. KAFLI.

Samskipti og samráð ríkis og sveitarfélaga.

128. gr.

Formlegt samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Ríkisstjórnin skal tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin um mikilvæg stjórnarmálefni sem tengjast stöðu og verkefnum sveitarfélaga. Formlegt samstarf skal m.a. fara fram um framlagningu lagafrumvarpa sem varða sveitarfélögin og um stjórn fjármála hins opinbera, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur mikilvæg mál sem varða hagsmuni sveitarfélaganna eða fjármál.

Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga skal funda að lágmarki einu sinni á ári. Fast sæti á fundum samstarfsráðsins eiga ráðherra sveitarstjórnarmála og [sá ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins] ¹⁾ og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Aðrir ráðherrar sitja fundi samstarfsráðsins eftir

því sem tilefni er til hverju sinni. Um skipan samstarfsráðsins fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmála, sbr. 4. mgr.

Yfirumsjón með samstarfi samkvæmt þessari grein hefur samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytis sveitarstjórnarmála og [þess ráðuneytis er fer með fjárreiður ríkisins]¹⁾ og þrír fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef þörf er á getur samstarfsnefndin ákveðið að kalla til fulltrúa fleiri ráðuneyta. Samstarfsnefndin starfar í umboði samstarfsráðsins og er vettvangur fyrir reglulega umfjöllun um samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Samstarf samkvæmt þessari grein skal nánar útfært í samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga sem unninn skal af samstarfsnefnd eða í sérlögum eftir því sem við á. Þar skal einnig fjallað um gerð árlegrar þjóðhags- og landshlutaspár sem leggja ber til grundvallar í samstarfi samkvæmt þessari grein og sveitarfélögum er skylt, eftir því sem við á, að byggja á við gerð fjárhagsáætlana.

¹⁾L. 21/2012, 8. gr.

129. gr.

Kostnaðarmat.

Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að lagafrumvarpi, tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana, sbr. 1. mgr., liggur fyrir skal það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en frumvarp er afgreitt úr ríkisstjórn til framlagningar á Alþingi eða áformuð stjórnvaldsfyrirmæli eða aðrar aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru endanlega ákveðnar.

Verði ágreiningur um niðurstöðu kostnaðarmats á lagafrumvarpi skal gerð sérstök grein fyrir því í kostnaðarumsögn sem skal fylgja frumvarpi þegar það er lagt fyrir Alþingi. Verði ágreiningur um

niðurstöðu kostnaðarmats tillögu að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins skal niðurstaða um það koma fram í endanlegu kostnaðarmati þeirrar ákvörðunar, sbr. 3. mgr.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála skal árlega taka saman yfirlit um kostnaðarmat samkvæmt þessari grein, þar á meðal um ágreining um slíkt mat. Formlegar viðræður skulu fara fram um yfirlitið og niðurstöður þess í samstarfsráði skv. 128. gr.

XIV. KAFLI.

Málstefna sveitarfélaga.

130. gr.

Málstefna.

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

XV. KAFLI.

Ýmis ákvæði, gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

131. gr.

Sveitarstjórn verður óstarfhæf.

Verði sveitarstjórn að mati ráðuneytisins óstarfhæf vegna neyðarástands í sveitarfélagi, svo sem af völdum náttúruhamfara, getur ráðuneytið falið sveitarstjórn og viðeigandi nefndum nágrannasveitarfélags að fara með stjórn sveitarfélagsins. Ráðuneytið getur einnig skipað sveitarfélagi sérstaka framkvæmdastjórn kunnáttumanna um rekstur sveitarfélaga sem þá tekur að fullu við hlutverki hinnar óstarfhæfu sveitarstjórnar, nefnda hennar og starfsmanna eftir því sem þörf er á. Ráðuneytið

skal með reglugerð setja almenn fyrirmæli um starfshætti slíkrar framkvæmdastjórnar.

Ráðuneytið skal birta ákvörðun skv. 1. mgr. í Stjórnartíðindum og getur hún aðeins gilt í fjóra mánuði í senn.

132. gr.

Sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga.

Ef sveitarstjórn óskar er ráðuneytinu heimilt í tilraunaskyni að staðfesta samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir viðkomandi sveitarfélag sem gerir ráð fyrir öðru stjórnskipulagi en kveðið er á um í lögum þessum, þar á meðal um aukinn fjölda sveitarstjórnarmanna og aukið hlutverk einstakra nefnda eða starfsmanna sveitarfélagsins við daglega stjórn sveitarfélagsins því samfara.

Ráðuneytinu er á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heimilt við staðfestingu samstarfssamnings skv. 93. gr. að heimila í tilraunaskyni frávik frá ákvæðum IX. kafla um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

Tilgangur heimildar skv. 1. og 2. mgr. er að veita færi á yfirvegaðri þróun á sveitarstjórnarstiginu, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga. Samþykktir um stjórn og fundarsköp sem staðfestar eru á grundvelli þessarar greinar skulu vera ítarlegar og taka til allra þátta sem nauðsynlegir eru svo að stjórn sveitarfélags geti gengið hnökralaust. Miða skal við að ekki séu gerðar fleiri en ein stjórnskipulagstilraun sama eðlis í einu.

Sé heimild skv. 1. og 2. mgr. beitt skal það ekki gert til skemmri tíma en átta ára í senn, nema veigamiklar ástæður mæli með að fallið sé frá því. Ef fallið er frá stjórnskipulagi sem ákveðið er samkvæmt þessari grein skal sveitarstjórn þegar setja sveitarfélaginu nýja samþykkt um stjórn og fundarsköp sem er í samræmi við ákvæði laga þessara. Verður þessari heimild þá ekki beitt á ný af hálfu viðkomandi sveitarfélags fyrr en að átta árum liðnum.¹⁾

¹⁾Samþ. 190/2020, sbr. brbákv., 2. mgr., sbr. nú samþ. 659/2020, brbákv. 2. gr.

133. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. ...

134. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

...

Ákvæði til bráðabirgða.

[VIII.]

Þrátt fyrir ákvæði 125. gr. er ráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags vegna sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar og samþykki viðkomandi sveitarstjórna, að afturkalla ákvörðun sína frá 14. febrúar 2020 um það með hvaða hætti sameining sveitarfélaganna í eitt sveitarfélag öðlast gildi, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Falla þar með allar tengdar ákvarðanir ráðuneytisins skv. 125. gr. úr gildi, svo sem um boðun sveitarstjórnarkosninga, þ.m.t. kosningar til heimastjórna, hinn 18. apríl 2020.

Ráðuneytið skal, að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags, taka nýja ákvörðun um það með hvaða hætti sameining öðlast gildi.] ¹⁾

¹⁾L. 29/2020, 1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis

Nr. 24 16. maí 2000

*Tóku gildi 19. maí 2000. Breytt með: l. 15/2003 (tóku gildi 26. mars 2003).
l. 50/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006). l. 162/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007).
l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).
l. 7/2009 (tóku gildi 5. mars 2009, féllu úr gildi 1. des. 2009).
l. 16/2009 (tóku gildi 20. mars 2009). l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010).
l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).
l. 28/2012 (tóku gildi 1. júní 2012). l. 111/2012 (tóku gildi 18. okt. 2012).
l. 117/2012 (tóku gildi 30. nóv. 2012). l. 8/2013 (tóku gildi 27. febr. 2013).
l. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015). l. 91/2016 (tóku gildi 15. sept. 2016).
l. 79/2017 (tóku gildi 30. sept. 2017). l. 70/2018 (tóku gildi 1. sept. 2018).
l. 141/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019). l. 30/2020 (tóku gildi 17. apríl 2020).*

I. KAFLI.

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt:

- a. í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag,
- b. eftir þann tíma sem greinir í a-lið enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í 2. gr.

2. gr.

Umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. skal send [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur nafn umsækjanda,

kennitala hans, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ lætur eyðublöð þessi í té og skulu þau liggja þar frammi, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiráðisskrifstofum og í skrifstofum kjöræðismanna. Ekki skal taka til greina umsókn sem berst [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ meira en einu ári áður en réttur skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. fellur niður. Ef umsókn er fullnægjandi tilkynnir [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver skuli þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum eftir að umsókn var lögð fram.

Ákvæði þessi gilda á sama hátt um endurnýjun kosningarréttarins.

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

3. gr.

Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar ...¹⁾ eru þó ekki kjörgengir.

¹⁾ L. 16/2009, 1. gr.

5. gr.

[Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi þegar dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.]¹⁾

¹⁾ L. 141/2018, 2. gr.

II. KAFLI.

Kjördæmi.

6. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

[1. *Norðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, [Hvalfjarðarsveit], ¹⁾ Skorradalshreppur, [Borgarbyggð], ¹⁾ Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, ... ¹⁾ Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, [Strandabyggð], ¹⁾ ... ²⁾ Húnaþing vestra, [Húnavatnshreppur], ¹⁾ Blönduósbær, ... ¹⁾ Skagabyggð, [Sveitarfélagið Skagaströnd], ¹⁾ Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

2. *Norðausturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: [Fjallabyggð], ¹⁾ ... ²⁾ Dalvíkurbyggð, ... ¹⁾ [Hörgársveit], ²⁾ [Akureyrarbær] ³⁾ Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, [Norðurþing], ¹⁾ Tjörneshreppur, ... ¹⁾ Svalbarðshreppur, [Langanesbyggð], ¹⁾ Vopnafjarðarhreppur, [Fljótsdalshérað], ¹⁾ Fljótsdalshreppur, ... ¹⁾ Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, ... ¹⁾ ... ³⁾ og Djúpvogshreppur.

3. *Suðurkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Vestmannaeyjabær, [Flóahreppur], ¹⁾ Sveitarfélagið Árborg, ... ¹⁾ Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, [Grindavíkurbær], ¹⁾ [Suðurnesjabær], ³⁾ Reykjanesbær og [Sveitarfélagið Vogar]. ¹⁾ ⁴⁾

4. *Suðvesturkjördæmi.*⁴⁾

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, ... ²⁾ Kópavogsbær, [Seltjarnarnesbær], ⁶⁾ Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

5.–6. Reykjavíkurrkjördæmi suður og norður.⁴⁾

Reykjavík skal skipta frá vestri til austurs í tvö kjördæmi, suðurkjördæmi og norðurkjördæmi, eftir því sem fyrir er mælt í 7. gr.

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Varði slík breyting mörk kjördæma skulu þau þó haldast óbreytt.

¹⁾ L. 16/2009, 2. gr.

²⁾ L. 8/2013, 1. gr.

³⁾ L. 30/2020, 2. gr.

⁴⁾ L. 15/2003, 1. gr.

⁵⁾ Sjá og lög nr. 62/2001, um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurrkjördæma suður og norður, og lög nr. 70/2003, um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurrkjördæmis suður.

⁶⁾ L. 91/2016, 1. gr.

7. gr.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík miðað við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, sbr. 1. mgr. 23. gr. Skulu mörkin við það miðuð að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild.

Landskjörstjórn auglýsir mörk kjördæmanna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og þau liggja fyrir, og eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.¹⁾

¹⁾ Augl. 836/2017.

8. gr.

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	[8] ¹⁾ þingsæti
Norðausturkjördæmi	10 þingsæti
Suðurkjördæmi	10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi	[13] ¹⁾ þingsæti
Reykjavíkurrkjördæmi suður	11 þingsæti
Reykjavíkurrkjördæmi norður	11 þingsæti

Í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti í hverju kjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi norður og Reykjavíkurkjördæmi suður skulu vera níu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti í hverju kjördæmi.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 9. gr.

¹⁾ Augl. 944/2017.

9. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 8. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

[Við útreikning skv. 1. mgr. skal fyrst miða við fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. 8. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi skal færa eitt kjördæmissæti frá því kjördæmi sem hefur fæsta kjósendur að baki hverju þingsæti til þess kjördæmis sem hefur flesta kjósendur að baki hverju þingsæti. Að því loknu er fjöldi kjósenda að baki hverjum þingmanni reiknaður að nýju miðað við þessa breytingu og kjördæmissæti fært milli kjördæma svo oft sem þörf krefur þar til hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti fer hvergi yfir þau mörk sem koma fram í 1. mgr.]¹⁾

Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í Stjórnartíðindum jafnskjött og hún hefur verið gerð.²⁾

Heimild landskjörstjórnar til að breyta þingmannatölu í kjördæmum samkvæmt þessari grein nær þó aðeins til þeirra kjördæmissæta sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

¹⁾ L. 16/2009, 3. gr.

²⁾ Augl. 944/2017.

III. KAFLI.

Kjördeildir.

10. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hvert sveitarfélag ein kjördeild nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.

IV. KAFLI.

Kjörstjórnir.

11. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrenns konar:

- a. Landskjörstjórn.
- b. Yfirkjörstjórnir [og umdæmiskjörstjórnir, sbr. 3. mgr. 13. gr.]¹⁾
- c. Undirkjörstjórnir og aðrar kjörstjórnir sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 15. gr.

¹⁾ L. 15/2003, 2. gr.

12. gr.

Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum. [Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2012, 1. gr.

13. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara og eru þeir kosnir af Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf oddvita. [Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni og annan til vara. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.]¹⁾

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.

[Yfirkjörstjórn getur ákveðið að í kjördæmi sé umdæmiskjörstjórn og ákveður umdæmi hennar. Skal hún kosin af yfirkjörstjórn og skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Umdæmiskjörstjórn kýs sér sjálf oddvita. Við sérstakar aðstæður getur ráðherra heimilað tvær umdæmiskjörstjórnir í hverju kjördæmi sem kosnar skulu á sama hátt.]²⁾

¹⁾ L. 117/2012, 2. gr.

²⁾ L. 15/2003, 3. gr.

14. gr.

Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá á Alþingi.

15. gr.

Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, sem sveitarstjórn kýs og jafnmarga til vara.

Í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein getur sveitarstjórn kosið sérstaka þriggja manna kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa þriggja manna [hverfiskjörstjórn]¹⁾ til að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á kjörstaðnum. Ef slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn skal sveitarstjórn á sama hátt kjósa sérstaka yfirkjörstjórn sveitarfélagsins. Með samþykki yfirkjörstjórna Reykjavíkurborgar getur borgarstjórn ákveðið að þær kjörstjórnir fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg. Kjörstjórnir þessar skulu jafnan vera reidubúnaar til að koma fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Þar sem kosnar eru kjörstjórnir skv. 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórna þannig að þær verði kosnar til eins árs fyrir hverjar almennar alþingiskosningar.

Sveitarstjórn er einnig heimilt að fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

¹⁾ L. 16/2009, 4. gr.

16. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu.

17. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

18. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

[Ráðherra]¹⁾ ákveður þóknun [fyrir störf og setu]²⁾ í landskjörstjórn, [yfirkjörstjórn og umdæmiskjörstjórn]³⁾ en sveitarstjórn ákveður þóknun [fyrir störf og setu]²⁾ í undirkjörstjórn og kjörstjórn skv. 2. mgr. 15. gr.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

²⁾ L. 117/2012, 3. gr.

³⁾ L. 15/2003, 4. gr.

19. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar. Í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn, sbr. 15. gr., er heimilt að ákveða að undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð í stað gerðabókar.

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um mörk kjördæma skv. 7. gr., um breytingu á þingmannatölu kjördæma skv. 9. gr., um stjórn málasamtök og framboð, um viðtöku kjörgagna, um atkvæðasamtölur stjórn málasamtaka, um úthlutun þingsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku

framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir [og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnir]¹⁾ bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum og máli skiptir um kosningarathöfnina.

[Ráðuneytið]²⁾ lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar, [yfirkjörstjórnar og eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar].¹⁾ Yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnar.

[Ráðuneytið]²⁾ lætur kjörstjórnnum í té embættisinsigli.

¹⁾ L. 15/2003, 5. gr.

²⁾ L. 162/2010, 162. gr.

V. KAFLI.

Kjördagur.

20. gr.

Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

[Ráðuneytið]¹⁾ skal auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

21. gr.

Nú er Alþingi rofið og ákveður forseti Íslands þá kjördag.

VI. KAFLI.

Kjörskrár.

22. gr.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem [Þjóðskrá Íslands] ¹⁾ lætur þeim í té.

[Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga við gerð kjörskrárstofna að fullnægðum heimildum laga sem um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda hverju sinni.] ²⁾

¹⁾L. 77/2010, 5. gr.

²⁾L. 70/2018, 9. gr.

23. gr.

Á kjörskrá skal taka:

- a. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.
- b. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Þeim sem taka ber á kjörskrá í Reykjavík skv. b-lið 1. mgr. skal skipt á milli suður- og norðurkjördæmis í samræmi við 7. gr. Í suðurkjördæmi komi þeir sem fæddir eru fyrri hluta hvers mánaðar en í norðurkjördæmi þeir sem fæddir eru síðari hluta hvers mánaðar. Landskjörstjórn ákveður hvar mörkin skuli vera í mánuði, sbr. 1. mgr. 7. gr. Sama regla skal gilda um þá sem skv. a-lið 1. mgr. eru skráðir óstaðsettir í hús í Reykjavík.

24. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða [framkvæmdastjóra sveitarfélags].²⁾

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

²⁾ L. 15/2003, 6. gr.

25. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ skal eigi síðar en tólf dögum fyrir kjördag birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

26. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

27. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Komi fram athugasemd um að nafn skuli tekið af kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Komi fram athugasemd um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þeim veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Ef ágreiningur er um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar.

Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ til skráningar fyrir sama tíma eða ef umsókn þess sem fellur undir b-lið 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist [Þjóðskrá Íslands]¹⁾ fyrir 1. desember næstan fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr.

28. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 27. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

29. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

VII. KAFLI.

Framboð.

30. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

31. gr.

Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri.

32. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælanda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

Með stjórn málasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælanda hans um það fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru

fram fyrir sömu stjórn málasamtök, eiga saman þegar jöfnunarsætur er úthlutað skv. 108. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórn málasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

[Ráðherra setur, að fenginni umsögn landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, reglugerð um form tilkynninga skv. 1. mgr. 30. gr., söfnun stuðningsyfirlýsinga, meðferð þeirra og eyðingu.

Ráðherra getur enn fremur, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, sett í reglugerð fyrirmæli um að stuðningsyfirlýsingum skuli safnað með rafrænum hætti á eyðublöðum eða viðmóti sem Þjóðskrá Íslands lætur í té. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um:

- a. heimild kjósenda til þess að veita meðmæli á annan hátt en með rafrænum hætti,
- b. aðgang að upplýsingum hjá Þjóðskrá Íslands til þess að athuga hvort meðmælandi sé kosningarbær.] ¹⁾

¹⁾L. 70/2018, 9. gr.

33. gr.

Við sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

Sami kjósendi má ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu alþingiskosningar.

34. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði, og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

[Þjóðskrá Íslands er heimilt, að beiðni yfirkjörstjórnar, að samkeyra meðmælendalista framboðsaðila við þjóðskrá að fullnægðum heimildum laga sem um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda hverju sinni.]¹⁾

¹⁾L. 70/2018, 9. gr.

35. gr.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

36. gr.

Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

37. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VIII. KAFLI.

Listabókstafir stjórn málasamtaka.

38. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ skal halda skrá um listabókstafi stjórn málasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum

fyrirvara að þetta verður ekki gert, og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmásamtök sem hafa ekki skráðan listabókstaf bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt [ráðuneytinu]¹⁾ eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 300 kjósendum. Hún skal dagsett og skal greina nafn kjósenda, kennitölu hans og heimili. Heiti nýrra stjórnmásamtaka má ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem eru á skrá skv. 1. mgr. [Ráðuneytið]¹⁾ skal þegar tilkynna stjórnmásamtökum, sem eru á skrá, um ný stjórnmásamtök sem tilkynnt eru og um ósk þeirra um listabókstaf. Ákveður ráðuneytið bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmásamtaka í undangengnum kosningum. Nú óska samtök, sem skráð eru, að breyta heiti sínu og skulu þau þá tilkynna það [ráðuneytinu]¹⁾ innan sama frests.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnnum.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

IX. KAFLI.

Umboðsmenn.

39. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurð listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á einstökum kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skylt er umboðsmönnum að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn setur.

40. gr.

Sérhver stjórnmálasamtök, sem boðið hafa fram, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 44. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórn mála-samtaka sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

X. KAFLI.

Úrskurður um framboð og auglýsing.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef gallar sem yfirkjörstjórn hefur bent á eru ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það teljast ógildur. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

42. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem rækur er gegn.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

43. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórn mála-samtaka með hliðsjón af auglýsingu [ráðuneytisins]¹⁾ um listabókstafi þeirra, sbr. 38. gr.

Nú hafa stjórnmalasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ... o.s.frv. eftir því sem við á.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

44. gr.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 32. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum stjórnmalasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar sem saman eiga, sbr. 32. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum stjórnmalasamtaka skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 40. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð, stöðu þeirra eða starfsheiti og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi og sjónvarpi) auglýsingu og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína. Jafnframt sendir landskjörstjórn [ráðuneytinu]¹⁾ listana eins og þeir eru birtir.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

45. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 37. gr. skal hlutadeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það landskjörstjórn og [ráðuneytinu].¹⁾ Landskjörstjórn skal birta listann þannig breyttan í Lögbirtingablaði

og blöðum, sbr. 2. mgr. 44. gr. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi) auglýsingu um breytinguna.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

XI. KAFLI.

Kjörgögn.

46. gr.

[Ráðuneytið]¹⁾ lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það lætur einnig í té leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn annast afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og til skipstjóra á skipum í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, sbr. 60. gr., og [það ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis]²⁾ annast afgreiðslu kjörgagna til kjörstjóra erlendis.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

²⁾ L. 126/2011, 298. gr.

47. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag, svo og stimplar með listabókstöfum.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögunum.

[Ráðuneytið]¹⁾ kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

48. gr.

Skipstjórar, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, skulu gæta þess að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

49. gr.

Skipstjóri, sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal undirrita og afhenda hlutaðeigandi sýslumanni drengskaparyfirlýsingu um að kosning í skipi hans muni fara fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

Sérstakur kjörstjóri skv. 2. mgr. 59. gr., sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal og undirrita og afhenda [því ráðuneyti er fer með málefni sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa Íslands erlendis]¹⁾ eða hlutaðeigandi sendierindreka sams konar yfirlýsingu.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

50. gr.

[Ráðuneytið]²⁾ lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi þegar tilkynning hefur borist frá landskjörstjórnum skv. 3. mgr. 44. gr.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 125 g/m² að þyngd. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

51. gr.

Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

52. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera þannig: Prenta skal framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu framboðenda. [Ef framboðslistar í kjöri eru fleiri en sautján skulu listarnir prentaðir í láréttum röðum. Þess skal gætt að í röðunum sé sem jafnastur fjöldi lista.]¹⁾ [Fyrir framan bókstaf hvers lista, sem skal vera

stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skal vera ferningur. Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.]²⁾ Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti 1/2 sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórn málasamtakanna).

¹⁾ L. 8/2013, 2. gr.

²⁾ L. 15/2003, 7. gr.

53. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá sem sendir verða undirkjörstjórnnum og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

54. gr.

Kjörseðlar skulu að jafnaði fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal [ráðuneytið]¹⁾ þegar senda þá yfirkjörstjórn.

Yfirkjörstjórn skal síðan senda á öruggan hátt undirkjörstjórn hverri jafnmarga seðla og kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. 15. gr. er heimilt að afhenda þeim kjörseðla óflokkaða fyrir kjördeildir og annast þær þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórna.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinsigli sínu svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórna, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

55. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla skal hún láta hverri sendingu fylgja blindraspjöld, sbr. 2. mgr. 81. gr., svo og

tilkynningu um framboðslista, kosningaleiðbeiningar og sérprentun laga þessara, sbr. 77. gr.

Sendingu þessari skulu og fylgja sterkumslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar [eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar].¹⁾ Hverri undirkjörstjórn skulu fengin sex umslög og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra **Ónýtir seðlar**, á tvö **Ágreiningssæðlar** og á tvö **Afgangssæðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni [eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar]¹⁾ og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, eða viðeigandi eyðublöð, sbr. 1. mgr. 19. gr.

[Yfirkjörstjórn skal einnig senda umdæmiskjörstjórn viðeigandi umslög, sbr. 2. og 3. mgr., eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 8. gr.

XII. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

56. gr.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

57. gr.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

58. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal fara fram hjá:

a. sýslumönnum, í aðalskrifstofu sýslumanns eða útibúi; sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættis fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans; sýslumaður ákveður hverjir starfsmenn hans skulu vera kjörstjórar og ræður aðra trúnaðarmenn til þeirra starfa,

b. hreppstjórum, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra.

Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, [eða er heimilismaður á dvalarheimili aldraðra eða]¹⁾ stofnun fyrir [fatlað fólk],²⁾ er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Skal haga framkvæmd og afgreiðslutíma þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, á sjúkrahúsi sem næst kjördegi, að höfðu samráði við stjórn stofnunar.

[Ráðuneytið]³⁾ setur nánari reglur⁴⁾ um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrir en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 39. gr., um hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

¹⁾ L. 28/2012, 9. gr.

²⁾ L. 115/2015, 7. gr.

³⁾ L. 162/2010, 162. gr.

⁴⁾ Leiðbeiningar 820/2017.

59. gr.

[Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Sama ráðuneyti getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.]

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiræðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., kjöræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis, sbr. 1. mgr., svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 1. mgr., auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.]¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

60. gr.

Kjósandi, sem er í áhöfn eða farþegi um borð í íslensku skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, má kjósa um borð í skipinu.

Skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir skal vera kjörstjóri.

61. gr.

Ef kjörstjóri er í framboði skal hann víkja sæti og annar þar til bær gegna störfum hans.

Ekki má atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram á heimili frambjóðanda.

62. gr.

Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

Kosningin fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

63. gr.

Kjósandi, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, skal gera kjörstjóra grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjóra. Kjörstjóri skal halda sérstaka skrá yfir þá sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 1. mgr. 66. gr.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er segir í 2. mgr. 62. gr. og setja atkvæðið í kjörseðilsumslagið. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréfið í viðurvist kjörstjóra sem vottar atkvæðagreiðsluna.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er hann bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal geta á skrá skv. 1. mgr. og á fylgibréfinu, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð við að árita kjörseðil skal því aðeins veitt að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimil er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

[Ef svo háttar um hagi kjósanda er greinir í 3. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði skal kjörstjóri gera hlé á atkvæðagreiðslunni þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera viðstaddir, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósandans skal víkja frá. Kjörstjóri skal strax taka beiðni kjósanda til úrskurðar. Kjörstjóri skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra þennan vilja sinn skal kjörstjóri heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Kjörstjóri skal geta um ákvörðun sína á skrá skv. 1. mgr. og tilgreina ástæður fyrir henni.

Ákvörðun kjörstjóra er endanleg. Heimili kjörstjóri fulltrúa kjósanda að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna skal atkvæðagreiðslu haldið áfram og aðstoðarinnar getið á fylgibréfinu. Fulltrúi kjósanda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósanda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Í því skyni staðfestir hann heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er fulltrúa kjósandans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

Við atkvæðagreiðslu skv. 4. mgr. eiga ákvæði 62.–67. gr. við um fulltrúa kjósandans.]¹⁾

Að lokum skal kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu lagt í sendiumslagið og því lokað vandlega. Umslagið skal síðan áritað til hreppstjórans, sýslumannsins eða kjörstjórnarinnar í því umdæmi þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á sendiumslagið skal og rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

¹⁾ L. 111/2012, 1. gr.

64. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

65. gr.

Kjósandi, sem greiðir atkvæði hjá kjörstjóra í umdæmi þar sem hann er á kjörskrá og skilur þar eftir bréf með atkvæði sínu, skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa. Atkvæðakassinn skal innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Aðrir kjósendur skulu sjálfir annast og kosta sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

66. gr.

Kjörstjóri skal færa á sérstaka skrá nöfn þeirra kjósenda sem greiða atkvæði hjá honum, sbr. 63. gr., lögheimili kjósenda og kennitölu og hvern dag kosningarathöfnin fór fram.

Atkvæðisbréf, sem kjósendi skilur eftir hjá kjörstjóra, sbr. 1. mgr. 65. gr., skal kjörstjóri tölusetja og skrá í áframhaldandi töluröð. Atkvæðisbréf, sem kjörstjóri veitir móttöku, skal hann skrá og tölusetja með sama hætti og skal þess getið frá hvaða kjósenda það sé og hvenær og af hverjum það hafi verið afhent. Skulu bréf þessi varðveitt í atkvæðakassanum.

Atkvæðakassa ásamt skrám sendir kjörstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega að kassinn sé kominn henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Umboðsmenn lista skulu hafa aðgang að skrám þeim sem getur í 1. og 2. mgr.

67. gr.

Kjósendi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim er varðveittir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XIII. KAFLI.

Kjörstaðir.

68. gr.

Kjörstað fyrir hverja kjördeild ákveður sveitarstjórn. Á sama kjörstað mega vera fleiri en ein kjördeild.

Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara.

69. gr.

Í hverri kjördeild skal vera hæfilegur fjöldi kjörklefa. Kjörklefi skal þannig búinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósendi kýs. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð sem skrifa má við.

Í kjörfundarstofu skal enn fremur vera hæfilega stór atkvæðakassi sem sveitarstjórn leggur til. Atkvæðakassinn skal þannig búinn að ekki sé unnt

að ná kjörseðli úr honum án þess að opna hann og þannig að unnt sé að læsa honum. [Ráðherra]¹⁾ getur sett nánari reglur um stærð og gerð atkvæðakassa.

Yfirkjörstjórn skal gæta þess að jafnan séu til nægir atkvæðakassar til afnota í kjördæminu.

¹⁾ L. 126/2011, 298. gr.

XIV. KAFLI.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

70. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 9 árdegis, en kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur skuli hefjast síðar, þó eigi síðar en kl. 12 á hádegi. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir kveður sá eða þeir sem við eru úr kjörstjórninni valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni og halda þeir sæti sínu uns hinir koma.

Upphaf kjörfundar skal auglýsa með hæfilegum fyrirvara og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

71. gr.

Meðan á kosningarathöfninni stendur skal kjörstjórnin sitja við borð í kjörfundarstofunni. Aldrei má nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan nema varamaður sé tiltækur.

72. gr.

Kosningarathöfnin byrjar með því að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn og skal þess gætt hvort innsiglið eru heil eða böggullinn ber þess merki að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og skal þess gætt hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá sem tilgreind er í bréfi yfirkjörstjórnar. Þess skal getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

73. gr.

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 66. gr. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæðið til greina, sbr. 91. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal tölusetja í áframhaldandi röð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild en ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Í sveitarfélagi, þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

74. gr.

Kjörstjórn athugar hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild, sbr. 80. gr., og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigandi á kjörskránni.

75. gr.

Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnanna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

76. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla hefst skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess að atkvæðakassinn sé tómur og síðan læsa honum.

77. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í kjördæminu þar sem fram koma heiti stjórn málasamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er [ráðuneytið]¹⁾ lætur í té.

Í hverri kjördeild skal vera eintak af lögum þessum, sem [ráðuneytið]¹⁾ lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni í handhægni útgáfu með skýringum og leiðbeiningum ef þurfa þykir.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

78. gr.

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

79. gr.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskírteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.

80. gr.

Engum, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórn meina að greiða atkvæði nema hann hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

[Engum, sem ekki er á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema annað tveggja komi til:

1. Hann framvísi vottorði, undirrituðu af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélags, um að hann afsali sér kosningarrétti þar sem hann er á kjörskrá enda hafi kjörstjórn þess kjörstaðar þar sem kjósandi hyggst neyta atkvæðisréttar borist tilkynning um hvaða kjósendum sveitarstjórn hefur gefið vottorð.

2. Hann undirriti beiðni á sérstakt eyðublað um að afsala sér kosningarrétti í þeirri kjördeild þar sem nafn hans er á kjörskrá og að kjörstjórn á þeim kjörstað þar sem kjósandi óskar að neyta atkvæðisréttar staðfesti slíkt afsal með undirritun oddvita eða tveggja kjörstjórnarmanna.]¹⁾

[Kjörstjórn er óheimilt að staðfesta vottorð eða beiðni um afsal kosningarréttar nema sannað verði, með þeim hætti sem kjörstjórn metur gilt, að nafn kjósenda standi á kjörskrá í annarri kjördeild í sama kjördæmi og hann hafi ekki neytt kosningarréttar þar. Skráð skal athugasemd á kjörskrá, þar sem nafn kjósenda er, um hvar hann neyti kosningarréttar og þess getið í kjörbók. Afsalið skal færa í kjörbók undirkjörstjórnar þar sem kjósandinn neytir kosningarréttar og vottorðið skal fylgja í frumriti til yfirkjörstjórnar með kjörbók þeirrar kjördeildar þar sem það er lagt fram og notað.]¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 9. gr.

81. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer kjósandi með hann inn í kjörklefann, þar sem kjósandinn má einn vera, og að borði því er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en tvö venjuleg dökk ritblý er kjörstjórn lætur í té og sér um að jafnan séu nægilega vel ydd.

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindralettri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista er þeir gefa atkvæði sitt og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

82. gr.

[Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í fering fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.]¹⁾

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans.

¹⁾ L. 15/2003, 10. gr.

83. gr.

Kjósandi má ekki hagna neitt við listum sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

84. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem segir í lögum þessum.

85. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.

86. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn svo frá að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni er kjósandi nefnir til veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá sem aðstoðina veitir bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Aðstoð skal því aðeins veita að

kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Óheimilt er að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

[Ef svo háttar um hagi kjósenda er greinir í 1. mgr. og hann óskar eftir að fulltrúi, sem hann hefur valið sjálfur, aðstoði hann við að greiða atkvæði í kjörklefanum skal hlé gert á kjörfundi þar til aðrir kjósendur, sem kunna að vera í kjörfundarstofu, hafa lokið við að greiða atkvæði. Fulltrúi kjósendans skal víkja úr kjörfundarstofunni. Kjörstjórn eða hverfiskjörstjórn þar sem kjördeildir eru fleiri en ein skal strax taka beiðni kjósenda til úrskurðar. Hverfiskjörstjórn er heimilt að úrskurða um ósk kjósendans með honum utan kjörfundarstofu svo kjörfundur geti haldið áfram með öðrum kjósendum. Kjörstjórn skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósendann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur. Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjórn þennan vilja sinn skal kjörstjórn heimila fulltrúanum að aðstoða kjósendann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósendinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Uppfylli kjósandi ekki framangreind skilyrði verður ekki af atkvæðagreiðslu með þessum hætti. Ákvörðun kjörstjórnar skal bókuð í kjörbókina með tilgreindum ástæðum. Ákvörðun kjörstjórnar er endanleg. Heimili kjörstjórn fulltrúa að aðstoða kjósendann í kjörklefanum skal kjörfundi haldið áfram. Fulltrúi kjósenda er bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósenda fer á milli í kjörklefanum. Í því skyni staðfestir hann heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað. Við atkvæðagreiðslu á kjörfundi er fulltrúa kjósendans óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósenda við sömu kosningu.

Við atkvæðagreiðsluna eiga ákvæði 79. gr., 81.–85. gr. og 87. gr. við um fulltrúa kjósendans.]¹⁾

¹⁾ L. 111/2012, 2. gr.

87. gr.

Láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er er seðillinn ónýtur og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann vîkur hann út úr kjörfundarstofunni.

88. gr.

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, getur greitt atkvæði á kjörfundi og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

89. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta er allir sem á kjörskrá standa hafa greitt atkvæði og eftir fimm klukkustundir ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó slíta eigi síðar en kl. 22 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

90. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórnin á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 91. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 73. gr.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í

kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 11. gr.

91. gr.

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði:

- a. ef sendandinn er ekki á kjörskrá,
- b. ef sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
- c. ef sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 80. gr.,
- d. ef sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
- e. ef í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
- f. ef sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er [ráðuneytið]¹⁾ hefur látið gera,
- g. ef ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða
- h. ef atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 57. gr. og 5. mgr. 58. gr.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

92. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina í hverju ágreiningurinn er fólgin og leggja kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfi aftur í sendiumslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 12. gr.

93. gr.

Þau kjörseðilsumslög, sem enginn ágreiningur er um að gild séu, lætur kjörstjórn óopnuð í atkvæðakassann.

94. gr.

Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.

Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitid bókad þegar í stað í kjörbókina og sker Alþingi úr því síðar hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina á hann rétt á að bóka það sjálfur og riti hann nafn sitt undir.

95. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og kjörseðilsumslög þau er gild hafa verið tekin hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá í sérstöku umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 87. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um, sbr. 92. gr., og í hinu þriðja öllum þeim seðlum sem afgangsbreytingar eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 90. gr., í umbúðum innsigliðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar [eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar, sbr. 1. mgr. 97. gr.],¹⁾ og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigliðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

¹⁾ L. 15/2003, 13. gr.

96. gr.

[Ef yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.]¹⁾

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar [eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 14. gr.

XV. KAFLI.

Kosningaúrslit í kjördæmum.

97. gr.

[Yfirkjörstjórn getur ákveðið að auk talningar hjá henni geti talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn, á öðrum stað í kjördæminu.]¹⁾

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar]¹⁾ nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

Sé kosningu frestað skv. 114. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrir en kosningu er hvarvetna lokið.

¹⁾ L. 15/2003, 15. gr.

98. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórn málasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

¹⁾ L. 15/2003, 16. gr.

99. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósköðduð. Yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ skal kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum undirkjörstjórna, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórna. Hafi yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn]¹⁾ borist bréf með utankjörfundaratkvæði skv. 4. mgr. 90. gr. skal fara með það eins og segir í 2. mgr. sömu greinar. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim sem í honum eru óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát, en gæta skal þess að seðlar úr einstökum kjördeildum blandist vel saman.

Kjörseðlar skulu síðan teknir úr ílátinu, að viðstöddum umbodsmönnum lista, flokkaðir eftir listabókstöfum sem við er merkt á hverjum seðli og taldir undir stjórn yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar].¹⁾

Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

¹⁾ L. 15/2003, 17. gr.

100. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

- a. ef kjörseðill er auður,
- b. ef ekki verður séð við hvern lista er merkt eða ef ekki verður séð með vissu hvort það sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af listum sem í kjöri eru,
- c. ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaðir fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil,
- d. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
- e. ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill,
- f. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

101. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við [einn eða fleiri staflíði 100. gr.]¹⁾ Þannig skal taka gilt atkvæði þó að ekki sé merkt [í ferning við listabókstafinn en t.d. utan hans],²⁾ þó að kross sé ólögulegur, þó að orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu á utankjörfundarseðli, þó að heiti stjórn málasamtaka standi í stað listabókstafs o.s.frv.

Lista í kjördæmi telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusettt eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

¹⁾ L. 16/2009, 5. gr.

²⁾ L. 15/2003, 18. gr.

102. gr.

Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum skv. 37. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

103. gr.

[Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur innan umdæmiskjörstjórnar eða á milli umdæmiskjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og skal þá umdæmiskjörstjórnin senda hann til yfirkjörstjórnar sem úrskurðar um gildi hans.

Nú verður ágreiningur meðal yfirkjörstjórnar um gildi kjörseðils og skal afl atkvæða ráða úrslitum. Verði ágreiningur milli yfirkjörstjórnar og einhvers umboðsmanna um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur skal leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórnin hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Pegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og

kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Hafi talning farið fram hjá umdæmiskjörstjórn skal hún, eftir að starfi hennar er lokið, senda alla notaða kjörseðla undir innsigli til yfirkjörstjórnar og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið aðgreindum. Auk þess sendir hún yfirkjörstjórn undir innsigli utankjörfundaratkvæði sem fara eiga í kjördeild sem tilheyrir yfirkjörstjórn, sbr. 4. mgr. 90. gr., allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum, kjörbækur undirkjörstjórna sem hún hefur mótttekið og einnig gerðabók sína. Yfirkjörstjórn skal fara með þessi gögn á sama hátt og þau sem eru í hennar vörslu.¹⁾

¹⁾ L. 15/2003, 19. gr.

104. gr.

Að talningu lokinni skal loka umslögum með ágreiningsseðlum með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir [ráðuneytinu]¹⁾ eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum sem [ráðuneytið]¹⁾ leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn skal búa um allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum og senda [ráðuneytinu]¹⁾ sem geymir þær í eitt ár, en að því búnu skal eyða þeim.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

105. gr.

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði sem hver framboðslisti hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn reikna hverjum frambjóðanda atkvæðatölu í samræmi við 110. gr.

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skál þar tilgreina tölu kjósenda á kjörskrá, hvernig atkvæði hafa fallið á hvern framboðslista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

[Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum umdæmiskjörstjórnar á þeim tíma sem nefndur er í 97. gr. skal kjörstjórnin eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma sem auglýstur hafði verið.]¹⁾ Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslu um atkvæðatölur til landskjörstjórnar skv. 2. mgr. fyrr en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð til þess að þeir eigi kost á að vera þar viðstaddir.

¹⁾ L. 15/2003, 20. gr.

XVI. KAFLI.

Úthlutun þingsæta.

106. gr.

Pegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar, sbr. 105. gr., skal hún koma saman til að úthluta þingsætum, kjördæmissætum og jöfnunarsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni svo að umboðsmönnum þeirra stjórnmalasamtaka, sem boðið hafa fram, sbr. 39. gr., gefist kostur á að vera þar viðstaddir.

Úthlutun kjördæmissæta.

107. gr.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal í atkvæðatölur listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta kjördæmissæti fær sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað kjördæmissæti fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmissætum og kjósa á, sbr. 2. mgr. 8. gr.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

Úthlutun jöfnunarsæta.

108. gr.

Þau stjórnmálasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa a.m.k. fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórnmálasamtaka, sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., og hvaða framboðslistar þeirra hafa hlotið jöfnunarsæti skal fyrst telja saman atkvæðatölur þeirra á landinu öllu og kjördæmissæti þeirra skv. 107. gr.

Síðan skal fara þannig að fyrir þessi samtök:

1. Deila skal í atkvæðatölur samtakanna með tölu kjördæmissæta þeirra, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölurnar nefnast landstölur samtakanna.
2. Taka skal saman skrá um þau tvö sæti hvers framboðslista sem næst komust því að fá úthlutun í kjördæmi skv. 107. gr. Við hvert þessara sæta skal skrá hlutfall útkomutölu sætisins skv. 1. tölul. 107. gr. af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.
3. Finna skal hæstu landstölu skv. 1. tölul. sem hefur ekki þegar verið felld niður. Hjá þeim stjórnmálasamtökum, sem eiga þá landstölu, skal finna hæstu hlutfallstölu lista skv. 2. tölul. og úthluta jöfnunarsæti til hans. Landstalan og hlutfallstalan skulu síðan báðar felldar niður.
4. Nú eru tvær eða fleiri lands- eða hlutfallstölar jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Þegar lokið hefur verið að úthluta jöfnunarsætum í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 8. gr. skulu hlutfallstölar allra lista í því kjördæmi felldar niður.

6. Hafi allar hlutfallstölur stjórnmálasamtaka verið numdar brott skal jafnframt fella niður allar landstölur þeirra.
7. Beita skal ákvæðum 3. tölul. svo oft sem þarf þar til lokið er úthlutun allra jöfnunarsæta, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Jöfnunarmenn og varaþingmenn.

109. gr.

Frambjóðendur, sem hljóta jöfnunarsæti, teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði, í þeirri röð sem sætum er úthlutað eftir 108. gr.

Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna skv. 107. eða 108. gr., hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna.

Atkvæðatala frambjóðenda.

110. gr.

Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þingmenn og varaþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi er skipa efstu sæti hans, tvöfalt fleiri en komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 107. og 108. gr., þó aldrei færri en þrír. Þessi tala frambjóðenda kallast röðunartala listans.

Til þess að finna hverjir þessara frambjóðenda hafa náð kosningu skal landskjörstjórn reikna þeim frambjóðendum sem til álita koma skv. 1. mgr. atkvæðatölu. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum atkvæðaseðli eða er raðað í það sæti á breyttum seðli fær eitt atkvæði. Sá sem lendir með sama hætti í 2. sæti fær það brot úr atkvæði að í nefnara sé röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti.

Sá frambjóðandi á hverjum lista, sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 2. mgr., hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi, sem fær næsthæsta atkvæðatölu, hlýtur 2. sætið og þannig koll af kalli uns lokið er úthlutun þingsæta og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.

Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. mgr. halda þeim sætum sem þeir skipa á framboðslista án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

XVII. KAFLI.
Útgáfa kjörbréfa.

111. gr.

Pegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum skv. 107.–110. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og að svo stöddu jafnmörgum varapingsmönnum kjörbréf sem samin skulu samkvæmt fyrirmynd er [ráðuneytið]¹⁾ segir fyrir um.

Jafnskjótt og kjörbréf hafa verið afhent skal landskjörstjórn tilkynna stjórnarráðinu um úrslit kosninganna og senda nöfn hinna kjörnu þingmanna til birtingar í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

112. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmalasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir [ráðuneytinu]¹⁾ eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum sem ágreiningur kann að vera um, en [ráðuneytið]¹⁾ leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

113. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 120. og 121. gr., og skal þá landskjörstjórn endurúthluta kjördæmisætum þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 107. gr. og úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 108. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XVIII. KAFLI.
Kosningum frestað og uppkosningar.

114. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá

undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju innan viku. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er að birta opinberar auglýsingar.

Farist kosning fyrir af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt sem fyrir er mælt í 1. mgr.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju á sama hátt og segir í 1. mgr.

Kjörstjórn sem kosin er skv. 2. mgr. 15. gr. kemur í stað undirkjörstjórna við ákvörðun skv. 1.–3. mgr.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 95. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráreintök þau sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn umbúðir þær sem kjörgögnin eru í í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé umboðsmaður eigi mættur kveður hún til valinkunnan mann til að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó opna umbúðir og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XIV. kafla, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

115. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 120. og 121. gr. þessara laga, og skal þá [ráðuneytið]¹⁾ með auglýsingu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

XIX. KAFLI.

Skýrslur til Hagstofu.

116. gr.

Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.

XX. KAFLI.

Óleyfilegur kosningaráróður og kosningaspjöll.

117. gr.

Það er óleyfilegur kosningaráróður og kosningaspjöll:

- a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvelda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
- b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
- c. að hafa merki stjórnmalasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
- d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
- e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,

- f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XXI. KAFLI.

Kosningakærum.

118. gr.

Nú kærir einhver kjósandi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda [ráðuneytinu]¹⁾ kæru í tveimur samritum. [Ráðuneytið]¹⁾ sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

119. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi lögreglustjóra og fer um þau að hætti [sakamála].¹⁾

Engum kjósanda, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, er skylt að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli hvernig hann hefur greitt atkvæði.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

XXII. KAFLI.

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

120. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

121. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XXIII. KAFLI.

Hvernig varamenn taka þingsæti.

122. gr.

Varamenn þingmanna taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 109. og 110. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

XXIV. KAFLI.

Kostnaður.

123. gr.

Um greiðslu kostnaðar við framkvæmd á lögum þessum fer sem hér segir:

- a. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld er [ráðuneytið]¹⁾ eða

landskjörstjórn lætur í té, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

- b. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna [og umdæmiskjörstjórna]²⁾ og fyrir kjörgögn þau og áhöld er yfirkjörstjórnir láta í té, svo og fyrir húsnæði þar sem talning atkvæða fer fram.
- c. [Ríkissjóður greiðir]³⁾ nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. og fyrir kjörgögn þau og áhöld sem kjörstjórnir þessar láta í té, fyrir húsnæði til kjörfunda og fyrir atkvæðakassa.

¹⁾ L. 162/2010, 162. gr.

²⁾ L. 15/2003, 21. gr.

³⁾ L. 162/2006, 14. gr.

XXV. KAFLI.

Refsiákvæði.

124. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækir hana.

125. gr.

Það varðar sektum:

- a. ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur,
- b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
- c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
- d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
- e. ef maður njósna um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
- f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,

- g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðisbréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
- h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 117. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
- i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

126. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum:

- a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósna um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
- b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri [eða fulltrúi kjósanda],¹⁾ sem aðstoð veitir, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,
- c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna skv. 54. eða 95. gr. tefur fyrir að þau komist til skila,
- d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
- e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu alþingiskosningar,
- [f. ef fulltrúi kjósanda skv. 63. eða 86. gr. gerist fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu].¹⁾

¹⁾ L. 111/2012, 3. gr.

127. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum:

- a. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,

- b. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

128. gr.

Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:

- a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
- b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

XXVI. KAFLI.

Breytingar á lögum þessum.

129. gr.

Lögum þessum verður breytt eins og fyrir er mælt í stjórnarskránni.

Ákvæðum 6. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 107.–108. gr. um úthlutun þingsæta verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

XXVII. KAFLI.

Gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

130. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 130. gr. skal beita lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, við forsetakjör á árinu 2000 eftir því sem við á og ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum

nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt skulu yfirkjörstjórnir er kosnar voru samkvæmt þeim lögum að loknum alþingiskosningum 1999, á 124. löggjafarþingi, halda umboði sínu að því er það varðar.

II.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð yfirkjörstjórna sem kjörnar voru skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1987, síðast í júní 1999, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I. Alþingi skal þegar í stað kjósa yfirkjörstjórnir skv. 1. mgr. 13. gr. í lögum þessum.

[III. ...¹⁾²⁾

¹⁾L. 7/2009, 3. gr.

²⁾L. 7/2009, 1. gr.

[IV. ...¹⁾²⁾

¹⁾L. 91/2016, 4. gr.

²⁾L. 91/2016, 2. gr.

[V. ...¹⁾²⁾

¹⁾L. 79/2017, 3. gr.

²⁾L. 79/2017, 1. gr.

Skrá um nokkur atriðisorð í lögum um kosningar til Alþingis

(eftir númerum lagagreina í lögunum)

Aðstoð

- Án aðstoðar 63, 81
- Veitt af kjörstjóra, kjörstjórn, fulltrúa kjósanda 63, 86, 125-126

Afplánun (dóms) 5

Afsal (kosningarréttar - atkvæðisréttar í kjördeild) 74, 80, 91

Almenningur (almenningi) 26, 44, 68

Alþingi (sem stofnun) 12-14, 16, 21, 36, 94, 104, 112-113, 118-121, 129

Alþingiskosningar

- Almennar, reglulegar 7, 9, 11-12, 15, 20-21, 30-33, 38, 48, 50, 106, 112-113, 120, 126
- Alþingi rofið 21
- Kosningum frestað 97, 114
- Uppkosningar 48, 51, 113, 115, 121
- Við sömu alþingiskosningar 120, 126

Athugasemd 25, 27, 74, 80, 99

Atkvæðakassi 65-67, 69, 73, 76, 85, 87, 93, 95-97, 99, 105, 123

Atkvæðatala (-tölur) 105, 107-108

Atkvæði

- Afl atkvæða 41, 103
- Breyta atkvæði 102, 117, 128
- Flokka atkvæði 73, 99, 110
- Glata atkvæði 128
- Greiða atkvæði 46-48, 50, 56-59, 61, 65-67, 73-74, 76, 78-82, 85-86, 88-90, 95, 99, 103, 117, 119, 126-127, 129
- Meta atkvæði gilt 67, 73, 91, 101

- Meta atkvæði ógilt 73, 91, 100
- Ónýtir atkvæðaseðil 125
- Sending atkvæða 114, 125, 128
- Telja atkvæði 19, 39, 54, 96-98, 103, 105, 123, 128
- Atkvæðisréttur (sjá og kosningarréttur) 12-13, 80, 91
- Atvik (atvikum) 19, 27, 41, 55, 95-96, 103, 105
- Auðkenni (auðkennilegur) 52, 100, 117
- Auglýsing-auglýsir
 - Dómsmálaráðuneyti 25, 38, 43, 115
 - Kjörstjóri 58
 - Kjörstjórn 70, 114
 - Landskjörstjórn 7, 9, 44-45
 - Sveitarstjórn 26
 - Utanríkisráðuneyti 59
- Áheyrnarfulltrúi (í yfirkjörstjórn og landskjörstjórn) 12-13
- Ágreiningur (ágreiningssæðlar) 27, 40-41, 55, 92-93, 95, 103-104, 112
- Ákvörðun (ákvarðanir) 2, 15, 19, 23, 59, 63, 86, 114
- Ár (tímabil) 1-2, 5, 15, 20, 104, 128
- Blindraspjald (blindraspjöld, blindraletur, blindir, sjónleysi) 55, 63, 81, 86
- Borgaraleg skylda (kjörstjórn) 18
- Bóka (í gerðabók eða kjörbók) 19, 86, 92, 94, 103, 112
- Breyting (einhverju breytt) 6, 8-9, 19, 27, 38, 45, 82-83, 102, 110, 117, 128-129
- Dagblöð
 - Auglýsing 25
 - Önnur blöð 44, 45
- Dagur (dögum fyrir) 25-26, 30, 44, 54, 58
- Dómur
 - Fyrir refsivert brot 5
 - Upp kveðinn 5
 - Yfirkjörstjórnar 97
- Eyðing (stuðningsyfirlýsinga) 32
- Eyðublað (-blöð) 2, 19, 24, 32, 55, 63, 80, 86, 105, 116
- Fatlað fólk 58, 63, 86
- Forföll 17, 97, 125

Frambjóðandi (frambjóðendur) 35, 37, 39, 45, 107, 109-110
Framboð
– Framboðsaðili (-aðila) 34
– Framboðslistar 12-13, 19, 30-45, 51-52, 55, 58, 61-62, 65-66, 77, 81-82, 90, 92, 94-96, 98-105, 107-110, 113, 117-118, 120-122
Framboðsfrestir 30, 37-38, 41-42
Fylgibréf (vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar) 47, 57, 63, 73, 91-92
Fyrirmæli 32
Fyrirvari
– Fyrirvaralaus 15
– Hæfilegur, nægur, stuttur 13, 38, 68, 70, 97, 106
Galli (framboð, framboðslisti, atkvæði, kosning) 41, 101, 120
Gerðabók (-bækur) 19, 27, 103-104, 112
Gilda (gilda, gildir – ákvæði, falla úr gildi, forföll, regla, tímabil) 2, 23, 97, 113-114
Gilt (gild, gildi - atkvæði, kjörseðilsumslög, kjörseðill, kosning, það að meta) 62, 67, 80, 92-93, 95, 101, 103-104, 108, 120
Hagstofa Íslands 116
Heimild (heimila, heimildum, heimili, heimilt) 9, 12-13, 15, 19, 22, 32, 34, 39, 45, 54, 56, 58, 63, 65, 73, 86, 95, 99
Hlutfall (hlutfallstölur, hlutfallskosningar) 9, 17, 108
Hreppstjóri 46, 58, 63
Hús (heimahús, sjúkrahús, húsakynni, húsnæði, húsrúm, óstaðsettir í hús) 23, 58, 98, 117, 123
Hverfiskjörstjórn 15, 86
Hæstaréttardómarar 4
Innsigli
– Embættisinnsigli 19, 54, 65, 67, 72-73, 95-96, 99, 103-104
– Óinnsiglað 96
Jafnskjótt (eins fljótt og verða má) 7, 9, 29, 44, 48, 95, 111
Jöfnunarsæti 8, 108-109
Kennitala (-tölu) 2, 30, 32, 38, 63, 66
Kennivottorð (vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini) 63, 79
Kjósa (kýs) 12-13, 15, 60, 62, 69, 82-84, 86, 107, 125-126

Kjósandi (kjósendur) 6-7, 9, 32-35, 38, 56-58, 60, 63-67, 69-70, 73-75, 78-91, 94, 98-99, 105, 118-119, 125-126

Kjörbók (-bækur) 55, 72-73, 80, 86, 90, 92, 94-95, 99, 103

Kjördagur

- Á kjördag 15, 27, 56, 58, 73, 89
- Ákvörðun kjördags 20-21, 115
- Fyrir kjördag 1, 7, 23, 25, 27, 30, 44, 54, 57-58, 73, 91
- Sem næst kjördegi eða kjördagur sem slíkur 48, 57-58
- Síðari kjördagur 114
- Til kjördags 25, 57

Kjördeild 10, 15, 54-55, 65, 68-69, 73-74, 77, 80, 86, 90-91, 95, 99, 103, 105, 114

Kjördæmi

- Kjördæmamörk 6-7, 9, 19, 23, 129
- Kjördæmi 6-10, 13, 15, 23, 31-32, 43, 65, 69, 77, 80, 97, 101, 103, 105, 107-110, 115, 111, 120-121
- Kjördæmissæti 8-9, 107-108

Kjörfundarstofa 69, 71, 77-78, 86-87, 117

Kjörfundur

- Á kjördag 50, 52, 68, 70
- Utan kjördags 46-49, 56-59, 61-63, 65-66, 73

Kjörgengur (kjörgengi, kjörgengisskilyrði) 4, 36, 118, 120, 122, 125

Kjörklefi 69, 81, 86, 117

Kjörseðill

- Atkvæðaseðill 99, 110, 125
- Kjörseðill, utankjörfundarseðill, seðill 47, 62-64, 79, 84-85, 87-88, 100, 103

Kjörseðilsumslag (vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar) 47, 63, 73, 91-93, 95, 100

Kjörskrá (kjörskráreintök, kjörskrárstofnar) 2-3, 9, 22-29, 54, 63, 65, 73-75, 79-80, 89-91, 96, 103-105, 114, 117

Kjörstjóri (við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar innanlands og erlendis) 46, 48-49, 58-59, 60-61, 63, 65-66, 100, 124-126

Kjörstjórn (kjörstjórnir, kjörstjórnarmaður) 11, 15-19, 28, 39, 54, 63, 65-66, 70-75, 78-81, 85-86, 92-96, 100, 114, 116, 123, 126

Kjörtímabil 20, 122

Klukkustund

– Klukkustundir, stund 89, 97, 114

– Samstundis 96

Kosningaáróður (kosningaspjöll) 78, 117

Kosningaleiðbeiningar 55, 77, 117, 125-126

Kosningarathöfn 19, 66, 71-72, 94

Kosningarbær 32

Kosningarréttur (sjá og atkvæðisréttur) 1-4, 6, 75, 80

Kross (á kjörseðli) 81-82, 101

Kæra 104, 118-120

Landskjörstjórn 7-9, 11-14, 18-19, 23, 32, 36, 38, 40, 42, 44-45, 50, 105-106, 110-113, 120, 123

Leiðrétting

– Á kjörskrá 27-28

– Galli á framboðslista 41

– Vegna kosningarathafnar 94

Listabókstafur (bókstafur) 38, 43-44, 47, 52, 62, 77, 81-82, 99-101

Lögbirtingablað (auglýsing) 44, 45

Löggilda (löggilt – gerðabók, kjörbók) 19, 55

Lögheimili 1-2, 23, 27, 63, 66, 117

Lögreglustjóri (kæra) 104, 119

Mannorð (óflekkad) 4-5

Meðmælandi

– Meðmælandi (kjósandi) með listabókstaf 38

– Meðmælendalisti 32, 34, 37, 40, 120

Merki

– Árita, merkja, merkt, rita, skrifa, strika yfir, ummerki 24, 27, 47, 62-63, 69, 72-73, 75, 83-84, 87, 90, 95, 99-101, 104, 112, 116

– Stjórn málasamtaka, lista 117

Merking (á framboðslista, í kjörskrá) 43-44, 90

Nafnskírteini (sjá kennivottorð) 79

Nákvæmt

– Nákvæmlega 24, 92, 103

– Ónákvæmt 117, 125

Oddviti

- Oddviti kjörstjórnar 12-13, 15, 28, 72-73, 75, 80, 95
- Oddviti sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóri hennar 24, 80

Opinber auglýsing 26, 58, 70, 114

Óflekkað (mannorð) 4-5

Ógilt (ógilda – atkvæði, kjörgengi, kjörseðil, kosningu, lista) 41-42, 92, 100-101, 103-104, 113, 115, 118, 120-121

Óheimilt 27, 63, 80, 86

Óskilorðsbundið (fangelsi) 5

Persónuvernd (-upplýsingar, vinnsla) 22, 32, 34

Rafrænn (rafrænum hætti) 32

Ráðuneyti

- Dómsmálaráðuneyti 19-20, 25, 38, 43-47, 50, 54, 58, 77, 91, 104, 111-112, 115, 118, 123

- Utanríkisráðuneyti 49, 59

Refsing (refsivert, sekt, sektir) 5, 124-127

Regla (reglur) 1, 6, 17, 23, 32, 39, 56, 58, 69, 91, 122

Reglugerð 32

Ríkisútvarp-auglýsing

- Einungis hljóðvarp 45

- Hljóðvarp-sjónvarp 25, 44

Röð (biðröð, nafnaröð, stafrófsröð, töluröð - raða) 17, 44, 52, 62, 66, 73, 77-78, 82-83, 107-110, 122

Samkeyra (meðmælendalista) 34

Sendiumslag (vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar) 47, 63, 73, 91-92

Skilríki-kennivottorð (vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini) 79

Skilyrði (skilyrðum, tilskilið, kjörgengisskilyrði) 6, 9, 23, 34, 37, 45, 63, 86, 108, 120

Skipa (skipir, skipun, skipuð, fyrirskipa) 13-15, 17, 38, 48, 62-63, 70, 86, 91, 124

Sólarhringur (sólarhringar) 37-38, 42

Stjórnarskráin (stjórnarskrárbandið, stjórnarskrárákvæði) 9, 77, 115, 129

Stjórnartíðindi (auglýsing, B-deild) 7, 9, 20, 38, 111, 115

Stjórn málasamtök (-samtaka) 19, 32, 38, 40, 43-44, 52, 77, 98, 101, 106, 112, 117

Stuðningsyfirlýsing 32, 35
 Sveitarfélag (-félög) 6, 10-11, 15, 19, 23-24, 27, 73, 80
 Sveitarstjórn 2, 10, 15, 18, 22, 24-28, 68-69, 80, 119, 124
 Sýslumaður 29, 46, 49, 58, 63
 Tilkynning 27, 32, 38-39, 50, 55, 77, 80
 Tölusetning (-setja) 10, 66, 73, 101
 Umboðsmaður (-menn) 39-42, 44, 58, 65-66, 72, 76, 89-90, 92, 94-96, 98-99, 103-106, 112, 114, 118, 120
 Umdæmiskjörstjórn 11, 13, 18-19, 55, 90, 92, 95-99, 103, 105, 123
 Umslög (ónýtir seðlar, ágreiningsseðlar og afgangsseðlar) 55, 93, 95, 103-104
 Umsókn (um að vera tekinn á kjörskrá eftir búsetu erlendis lengur en átta ár) 1-2, 27
 Umsögn 32
 Undirkjörstjórn 11, 15, 18-19, 53-55, 67, 80, 97, 99, 103, 114, 123
 Undirrita (undirrituð, undirritun) 24, 38, 49, 63, 80, 86, 95
 Uppkosning 48, 51, 113, 115, 121
 Upplýsingar 32, 39, 47, 117, 125
 Utankjörfundaratkvæði 65, 73, 90-92, 95, 99, 102-103
 Úrskurður (úrskurða) 15-16, 19, 27, 32, 36, 39-44, 63, 86, 92, 103-104, 112-113, 115, 119-121
 Úrslit 19, 41, 103, 106, 110-111, 118, 120, 128
 Valinkunnir menn 70, 98, 114
 Varamaður
 – Varamaður á þingi 109-111, 122
 – Varamaður í kjörstjórn 12-15, 17, 70-71
 Vegabréf (sjá kennivottorð) 79
 Viðstaddur 39-41, 44, 63, 70, 95-96, 98-99, 103, 105-106
 Vika (vikur, vikudag, innan viku) 7, 20, 23, 27, 37-38, 58, 114, 118
 Vistmaður (sjúkrahús, fangelsi) 58
 Víkja (sæti, frá) 16, 61, 63, 86
 Vottorð 58, 63, 80, 86
 Yfirkjörstjórn
 – Yfirkjörstjórn kjördæmis 11, 13-15, 18-19, 28, 30, 32, 34-36, 38-39, 41-45, 53-55, 69, 72, 80, 90, 92, 95-99, 103-105, 112, 114, 120, 123

– Yfirkjörstjórn sveitarfélags 11, 15, 18-19, 54, 73, 114, 123

Yfirlýsing

– Drengskaparyfirlýsing 49

– Stuðningsyfirlýsing 35

– Yfirlýsing 2, 32, 104

Þingbyrjun 104, 112, 118

Þingsæti 7-9, 19, 31-32, 40, 110-112, 122, 129

Þjóðskrá Íslands (íbúaskrá, þjóðskrá) 2, 7, 22-24, 27, 32, 34

Ökuskírteini (sjá kennivottorð) 79

Leiðbeiningar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl.

Nr. 820 22. september 2017

I.

Um atkvæðagreiðslu á stofnunum og dvalarheimilum aldraðra.

1. gr.

Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, eða er heimilismaður á dvalarheimili aldraðra eða stofnun fyrir fatlað fólk, er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt nánari reglum í leiðbeiningum þessum.

Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

2. gr.

Rétt til að greiða atkvæði utan kjörfundar á sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra eða stofnunum fyrir fatlað fólk hafa eingöngu þeir sem dveljast þar og eru þar til meðferðar eða eru vistmenn þar eða heimilismenn. Aðrir hafa ekki rétt til að greiða þar atkvæði.

3. gr.

Kjörstjóra ber að kanna í samráði við stjórn hlutaðeigandi stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra og að fengnum upplýsingum um þá sem eru þar til meðferðar eða eru þar vistmenn eða heimilismenn, hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram og þá hvenær.

Ákvörðun um þetta efni skal tekin eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal þá birta auglýsingu innan hlutaðeigandi stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra um það hvar atkvæðagreiðsla fer fram og á hvaða tíma. Jafnframt skal tilkynna umboðsmönnum framboðslista um atkvæðagreiðsluna fyrirfram.

Atkvæðagreiðslan skal hefjast og henni ljúka á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn stofnunar eða dvalarheimilis aldraðra. Miða skal við að atkvæðagreiðsla fari fram í eitt skipti á hverri stofnun eða dvalarheimili aldraðra og þess gætt að öllum sem þess óska og rétt hafa gefist hæfilegt ráðrúm til að nýta sér auglýstan tíma. Atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skal fara fram sem næst kjördegi.

4. gr.

Hlutaðeigandi stofnun eða dvalarheimili aldraðra skal láta í té hentuga aðstöðu, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, þannig að atkvæðagreiðsla geti gengið sem greiðast fyrir sig og með fyrirskipuðum hætti. Kjósanda ber að koma á fund kjörstjóra þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, og því aðeins má atkvæðagreiðsla fara fram á sjúkrahúsi eða í herbergjum heimilismanna dvalarheimila og fatlaðs fólks eða vistmanna, að verulegir anmarkar séu á að flytja kjósanda á fund kjörstjóra.

II.

Um atkvæðagreiðslu í heimahúsum.

5. gr.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi, nema hann eigi þess kost að greiða atkvæði á stofnun eða dvalarheimili aldraðra skv. 1. gr.

6. gr.

Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg á þar til gerðu umsóknareyðublaði, sem prentað er sem fylgiskjal 1 með leiðbeiningum þessum. Umsóknin skal studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans. Skal umsóknin hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.

7. gr.

Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt sem utankjörfundarstjóra tvo trúnaðarmenn til að annast framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda. Um þá atkvæðagreiðslu fer að öðru leyti eins og um kosningu hjá kjörstjóra.

III.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Atkvæðagreiðsla skv. 1.-7. gr. má ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag.

9. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa, m.a. um heimild kjörstjóra til að veita kjósanda aðstoð eða heimild kjörstjóra til að verða við ósk kjósanda um að fulltrúi, sem kjósandinn hefur valið sjálfur, aðstoði hann við atkvæðagreiðsluna eða heimild kjósanda til þess að leggja fram vottorð réttindagæslumanns, geti kjósandinn ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn um að fulltrúinn aðstoði hann við atkvæðagreiðsluna, gilda að öllu leyti sömu reglur og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar almennt, sbr. XII. kafla laga um kosningar til Alþingis, einkum 62.-63. gr.

Aðstoð, hvort sem hún er innt af hendi kjörstjóra eða fulltrúa sem kjósandi hefur valið sjálfur, má því aðeins veita að kjósandi sé ekki fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða vegna þess að honum er höndin ónothæf. Kjörstjóra er óheimilt að bjóða þeim aðstoð er þannig þarfnast hjálpar.

Ef fulltrúi kjósanda aðstoðar hann við að greiða atkvæði er fulltrúinn bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því sem honum og kjósanda fer á milli við atkvæðagreiðsluna. Í því skyni staðfestir fulltrúinn heit sitt áður en atkvæði er greitt með undirritun á sérstakt eyðublað, sem prentað er sem fylgiskjal 2 með leiðbeiningum þessum.

Fulltrúa kjósandans er óheimilt að gerast fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu og um aðstoð hans við kjósandann eiga við ákvæði 62.-67. gr. laga um kosningar til Alþingis.

10. gr.

Leiðbeiningar þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi leiðbeiningar um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl., nr. 175 26. febrúar 2013.

Fylgiskjal I.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

UMSÓKN UM AÐ FÁ AÐ GREIÐA ATKVÆÐI Í HEIMAHÚSI

Afhendist kjörstjóra í því sveitarfélagi þar sem kjósandi dvelst síðustu þrjár vikur fyrir kjördag.
Umsóknin skal hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.

Til kjörstjórans (sýslumannsins) _____
(aðsetur/sveitarfélag)

Ég undirrituð/undirritaður

Fullt nafn _____

Kennitala _____

Lögheimili _____

óska eftir að fá að greiða atkvæði við komandi kosningar á dvalarstað mínum sem síðustu þrjár vikur fyrir kjördag verður:

_____ (götuheiti og númer) (sveitarfélag)

Farsími eða sími á dvalarstað _____

Netfang (ef við á) _____

Ég lýsi því yfir að vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar mun ég ekki geta sótt kjörfund á kjördegi. Ég tek fram að ég tel mig ekki haldna/haldinn alvarlegum sjúkdómi sem smitar við umgengni.

_____ (dagsetning) (undirskrift)

VOTTORÐ

Ég undirrituð/undirritaður, sem er lógráða, staðfesti að ofangreindur umsækjandi mun ekki geta sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar.

_____ (dagsetning) (undirskrift)

Fyrir kjörstjóra _____

Fylgiskjal 2.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÞAGNARHEIT FULLTRÚA

sem kjósandi valdi sjálfur til að aðstoða sig við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skv. 4. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, sbr. 1. gr. laga nr. 111/2012.

Ég undirritaður, fulltrúi kjósanda, heiti því að segja ekki frá því sem mér og neðangreindum kjósanda fer á milli við atkvæðagreiðsluna.

Nafn fulltrúa kjósanda _____

Lögheimili _____

Kennitala _____

Nafn kjósanda _____

Lögheimili _____

Kennitala _____

Dagsetning _____

Undirskrift fulltrúa kjósanda _____

Ef fulltrúi kjósanda segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði er fulltrúanum kunnugt um refsíákvæði XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og XVIII. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Sömu refsíákvæði eiga við ef fulltrúi kjósanda gerist fulltrúi annars kjósanda við sömu kosningu.

Þagnarheit móttakið af kjörstjóra skv. 1. mgr. 58. gr. eða 2. mgr. 59. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Undirskrift kjörstjóra
og stimpill ef við á _____

*Eyðublað þetta gildir enn fremur við þagnarheit fulltrúa kjósanda við **atkvæðagreiðslu utan kjörfundar** við sveitarstjórnarkosningar, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og **atkvæðagreiðslu utan kjörfundar** við íbúakosningar og sameiningar sveitarfélaga, sbr. 6. mgr. 107. gr. og 5. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*

Upplýsingavefur um framkvæmd
kosningar til sveitarstjórnar 19. september 2020
www.kosning.is
(www.stjornarradid.is/verkefni/kosningar)

ISBN: 978-9935496058



9 789935 496058